



Lagadeild Háskóla Íslands  
**Úttekt á kennslu og námi í lögfræði**  
**- Sjálfsmatsskýrsla -**

Reykjavík, 20. janúar 2010



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Lagadeild Háskóla Íslands**  
**Úttekt á kennslu og námi í lögfræði**  
**Sjálfsmatsskýrsla**


## Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur</b>	<b>1</b>
<b>2. Skipulag Háskóla Íslands og stefna</b>	<b>1</b>
2.1. Yfirstjórn skólans	2
2.2. Fræðasvið og skipulag þeirra	2
2.3. Stefna skólans og gæðamatskerfi	3
<b>3. Stjórnskipulag lagadeildar</b>	<b>4</b>
3.1. Staða deildarinnar og skipulag hennar	4
3.2. Stjórnun deildarinnar	4
3.3. Stofnanir við deildina og hlutverk þeirra	5
3.4. Ráðning kennara við lagadeild og starfsskyldur	6
3.4.1. Skilyrði ráðningar í fast starf við lagadeild	6
3.4.2. Matskerfi Háskóla Íslands um rannsóknir	6
3.4.3. Fjöldi kennara við lagadeild og starfsskyldur	7
3.4.4. Umsjón kennara við stjórnun og skipulag einstakra námsgreina	8
3.5. Nemendur við deildina	8
<b>4. Stefna lagadeildar og eftirfylgni með henni</b>	<b>8</b>
<b>5. Námsleiðir sem lagadeild býður upp á</b>	<b>9</b>
5.1. Breytingar og nýmæli í skipulagi námsleiða á síðasta áratug	9
5.2. Reglur lagadeildar um skipulag náms og kennslu	10
5.3. BA-nám við lagadeild (grunnnám)	10
5.4. Meistaránám til Mag. jur. gráðu (framhaldsnám)	11
5.5. LLM. nám – Alþjóðleg prófgráða í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti (Natural Resources Law and International Environmental Law)	12
5.6. Þverfaglegt nám í skattarétti og reikningsskilum	13
5.7. Doktorsnám til Ph.D. gráðu	13
<b>6. Tenging námsins við hlutverk skólans</b>	<b>13</b>
6.1. Hvernig fellur námið (innihald námsins og kennslan) að hlutverki (markmiði/ áherslum/ stefnu) skólans?	13
6.1.1. Stefna deildar og skóla um innihald náms og kennslu í lögfræði	13
6.1.2. Áherslur í kennslu	14
6.1.3. Hvatning til nemenda, kennsluhættir og námsmat	15
6.2. Hvernig fellur kennslueiningin að annarri starfsemi skólans	16
<b>7. Rannsóknir og tengsl rannsókna og kennslu</b>	<b>17</b>
7.1. Hver er staða rannsókna við skólann á þessu fræðasviði?	17
7.2. Hvaða þýðingu hafa rannsóknir kennara fyrir námið?	19
7.3. Hvernig eru rannsóknaniðurstöður nýttar í kennslunni?	20

<b>8. Breidd og dýpt námsins</b>	<b>20</b>
8.1. Hvert er vægið milli breiddar og dýptar í náminu, þ.e. milli almennra þátta og sérhæfðra þátta?	20
8.2. BA-námið	20
8.3. Námsleiðir á meistarastigi	21
8.4. Doktorsnám	22
<b>9. Markhópur</b>	<b>23</b>
9.1. Höfðar skólinn til ákveðins hóps með náminu?	23
9.2. Fær skólinn þá nemendur sem hann helst vildi?	24
9.3. Um markhóp í meistararanám og inntökuskilyrði	24
<b>10. Umfang og nýting</b>	<b>25</b>
10.1. Nemendafjöldi og þróun í aðsókn að lagadeild HÍ undanfarin ár	25
10.2. Við hversu stóra nemendahópa miðast skipulag námsins?	26
10.3. Fjárveitingar til deildar og meðalkostnaður á nemanda	27
<b>11. Alþjóðlegur samanburður</b>	<b>29</b>
11.1. Á námið sér fyrirmynnd eða samsvörun í erlendum háskólum?	29
11.2. Býður skólinn upp á alþjóðlega samkeppnishæfar námsaðstæður?	29
11.2.1. Samsetning og menntun kennara	29
11.2.2. Aðgengi nemenda að kennurum	30
11.2.3. Hlutfall kennara og nemenda	31
11.2.4. Aðstaða og stoðþjónusta fyrir nemendur	31
11.2.5. Bókasafn lagadeilda og aðgangur að rafrænum gagnasöfnum	33
<b>12. Kennsluhættir, námskröfur og námsmat</b>	<b>33</b>
12.1. Hefur skólinn sett viðmið um kennsluhætti, námskröfur og námsmat?	33
12.2. Hvernig fer mat á þessum þáttum fram?	34
12.3. Hafa nýlega verið gerðar breytingar á náminu í kjölfar innra eða ytra mats?	35
12.3.1. Ytri gæðaúttekt á námsleiðum í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands 2003-2004	35
12.3.2. Úttekt Ríkisendurskoðunar á kostnaði, skilvirkni og gæðum háskólakennslu	36
12.3.3. Úttekt vegna viðurkenningar fræðasviðs félagsvísinda og heimildar til að bjóða doktorsnám á fræðasviðinu 2008 og 2009	36
<b>13. Afdrif nemenda</b>	<b>37</b>
13.1. Inngangur	37
13.2. Niðurstöður könnunar á afdrifum brautskráðra nemenda á vinnumarkaði eða í námi	38
13.3. Könnun á frammistöðu brautskráðra nemenda í prófi til héraðsdómslögmannsréttinda	39
<b>14. Próun náms og framtíðarsýn</b>	<b>40</b>
14.1. Hvaða sýn hefur skólinn á framtíð námsins og námsbrautarinnar?	40
14.2. Telur skólinn að gera þurfi breytingar á náminu?	41

## Skrá yfir viðauka

1. Bréf menntamálaráðuneytisins til rektors Háskóla Íslands, dags. 17. nóvember 2009.
2. Reglur lagadeildar um hlutverk og verkefni umsjónarkennara frá 10. desember 2002.
3. Stefna lagadeildar 2006-2011.
4. Úr reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 (90. og 91. gr.).
5. Reglur um BA-nám í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands, frá 25. ágúst 2009.
6. Listi yfir námskeið sem kennd eru á meistarastigi við lagadeild Háskóla Íslands.
7. Listi yfir námskeið sem voru kennd á meistarastigi við lagadeild Háskóla Íslands skólaárið 2009-1010.
8. Reglur um áherslusvið í framhaldsnámi í lögfræði til meistaraprófs (mag. jur) 31. október 2006.
9. Listi yfir erlenda samstarfsháskóla lagadeildar Háskóla Íslands.
10. Reglur um námsvist nemenda í framhaldsnámi við lagadeild Háskóla Íslands frá 26. febrúar 2008.
11. Reglur um meistararitgerðir og önnur lokaverkefni til meistaraprófs (mag.jur) í lögfræði frá 30. september 2008.
12. Reglur um alþjóðlegt meistaranám í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti frá 26. febrúar 2008.
13. Reglur um doktorsnám og rannsóknanaámsnefnd við lagadeild Háskóla Íslands frá 14. október 2004.
14. Verklagsreglur um mat á námskeiðum, verkefnum og öðru framlagi doktorsnema við lagadeild Háskóla Íslands frá 24. apríl 2007.
15. Yfirlit yfir rannsóknarstig kennara í lagadeild 2004-2008 miðað við fjölda starfsmanna og starfsígldi.
16. Yfirlit yfir einkunnir í námskeiðunum *Inngangur að lögfræði* og *Almenn lögfræði úsamt ágripi af réttarsögu 2004-2009*.
17. Yfirlit yfir fjölda próftaka og meðaleinkunnir í námskeiðum við lagadeild Háskóla Íslands 2005-2009.
18. Skráning í námskeið lagadeildar á vormisseri 2010.
19. Yfirlit yfir rekstrarkostnað lagadeildar, virkni nemenda, meðalkostnað á nemanda og þróun kennslukostnaðar 2004-2008.
20. Tenured members of the Law Faculty 2010.
21. Reglur um æfingaskyldu stúdenta í BA-námi við lagadeild frá 2. júlí 2002..
22. Reglur lagadeildar um fjarpróf frá 27. janúar 2009.
23. Reglur um kjörgreinar við lagadeild Háskóla Íslands frá 15. maí 2003.
24. Reglur um munnleg próf í lagadeild.
25. Niðurstöður kennslukönnunar í lagadeild fyrir árið 2009.
26. Summary of Findings. External Peer Review Group. Final Report: Faculty of Law, University of Iceland June 2004.
27. Hæfniviðmið fyrir námsleiðir við lagadeild Háskóla Ísland.
28. Könnun á afdrifum brottskráðra nema frá Lagadeild Háskóla Íslands árin 2005-2009.
29. Bréf Lögmannafélag斯Íslands til deildarforseta lagadeildar, dags. 17. desember 2009 og upplýsingar um þátttakendur í prófi til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda 2005-2009.



**Lagadeild Háskóla Íslands**  
**Úttekt á kennslu og námi í lögfræði**  
**Sjálfsmatsskýrsla**

## **1. Inngangur**

Skýrsla þessi er liður í ytri úttekt á kennslu og námi í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands í samræmi við 11. grein laga nr. 63/2006 um háskóla og reglur nr. 321/2009 um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum. Er úttektin gerð samkvæmt þriggja ára áætlun menntamálaráðuneytisins um ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna í íslenskum háskólum. Úttektin nær til viðurkenndra prófgráða í lögfræði.

Í tilefni af úttektinni skipaði rektor Háskóla Íslands sjálfsmatshóp lagadeildar sem vann skýrslu þessa. Í honum sátu Björg Thorarensen professor og forseti lagadeildar, Eiríkur Tómasson professor og varadeildarforseti, María Thejill forstöðumaður lagastofnunar, Alma Möller deildarstjóri á skrifstofu lagadeildar, Pétur Leifsson dósent og formaður rannsókna- og meistaránámsnefndar, Hrefna Friðriksdóttir lektor, Trausti Fannar Valsson lektor og Þorkell Andrésson laganemi, tilnefndur af Orator félagi laganema við deildina. Sjálfsmatshópurinn naut aðstoðar gæðastjóra Háskóla Íslands og starfsmanna vísindasviðs, nemendaskrár og fleiri sviða miðlægrar stjórnsýslu við öflun tölfraðiupplýsinga o.fl.

Í samræmi við tilefni úttektarinnar er megináhersla lögð á það í skýrslunni að varpa ljósi á *kennslu og nám í lögfræði* við lagadeild Háskóla Íslands, þar á meðal að greina frá þeirri örú þróun sem orðið hefur á deildinni síðustu ár, stöðu kennslu og náms í dag og loks hvert deildin stefnir í þessum efnum.

Samhengisins vegna og til að fá yfirsýn yfir lagalegt, akademískt og rekstrarlegt umhverfi kennslu og náms við lagadeild er í fyrri hluta skýrslunnar lýst stuttlega stjórnskipulagi Háskólans og lagadeildarinnar og stefnu, reglum um ráðningu kennara deildarinnar auk almennta lýsingar á helstu námsleiðum sem deildin býður upp á til viðurkenndra gráða í lögfræði. Þaðan í frá er leitast við að svara sérstaklega þeim spurningum sem mennta- og menningarmálaráðuneytið beindi til rektors Háskóla Íslands, með bréfi dags. 17. nóvember 2009 með ósk um að þeim yrði svarað í sjálfsmatsskýrslu lagadeildar, með rökstuðningi og dæmum eftir atvikum (sjá viðauka 1). Til þess að skýrslan og úttektin nái markmiði sínu og niðurstöður hennar megi nota sem leiðarljós til úrbóta og uppybyggingar verður leitast við að greina bæði styrkleika og veikleika deildarinnar varðandi skipulag og framkvæmd kennslu og náms.

## **2. Skipulag Háskóla Íslands og stefna**

Háskóla Íslands var stofnaður árið 1911 og er elsti og fjölmennasti háskóli á Íslandi. Haustið 2009 stunduðu 13.957 nemendur nám við skólann, þar af 3.006 á meistarastigi og 348 í doktorsnámi. Skólinn starfar samkvæmt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 og reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Auk þess gilda um starfsemi skólans lög um háskóla nr. 63/2006, en þau taka til skóla sem veita æðri menntun sem leiðir til prófgráðu á háskólastigi og hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytisins.

Háskóli Íslands er alhliða rannsóknaháskóli og hann er hluti af hinu alþjóðlega vísindasamfélagi. Metnaður hans er að vera þar í fremstu röð með vönduðum rannsóknum sem standast fræðilegan samanburð á alþjóðlegum vettvangi og hafa einnig mikilvæga þýðingu fyrir íslenskt samfélag. Skólinn býður fjölbreytt nám á öllum stigum og er sá eini af sjö háskólum sem starfa á Íslandi sem býður grunnnám og framhaldsnám á öllum helstu fræðasviðum.

## 2.1. Yfirstjórn skólans

Rektor Háskóla Íslands er æðsti yfirmaður skólans og er skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra til fimm ára í senn eftir tilnefningu háskólaráðs að undangenginni kosningu innan skólans þar sem starfsmenn og stúdentar hafa atkvæðisrétt eftir nánar tilgreindum reglum. Hann er jafnframt yfirmaður stjórnsýslu Háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan hans. Rektor stýrir starfsemi skólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum hans. Rektor er formaður háskólaráðs og á milli funda ráðsins fer hann með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans.

Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag Háskólans. Ráðið fer með almennt eftirlit með starfsemi skólans í heild, einstakra fræðasviða og háskólastofnana og ber ábyrgð á því að hann starfi lögum samkvæmt.

Háskólaping er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu Háskóla Íslands. Háskólaping fjallar m.a. um og tekur þátt í að móta sameiginlega vísinda- og menntastefnu skólans.

## 2.2. Fræðasvið og skipulag þeirra

Þann 1. júlí 2008 tók gildi nýtt stjórnskipulag Háskóla Íslands. Áður var skólanum skipt upp í 11 deildir sem heyrðu beint undir yfirstjórn skólans. Með breytingunum 2008 var skólanum skipt í fimm fræðasvið sem eru Félagsvísindasvið, Heilbrigðissvið, Hugvísindasvið, Menntavísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Hvert svið skiptist í þrjár til sex deildir og eru þær samanlagt 25 talsins. Langflestir nemendur stunda nám við Félagsvísindasvið eða 4552 nemendur en á hverju hinna sviðanna eru nemendur á bilinu 2200 til 2500.

Rektor skipar forseta fræðasviðs til fimm ára og er yfirmaður hans. Forseti fræðasviðs er yfirmaður sviðsins, stýrir daglegri starfsemi og er akademískur leiðtogi þess og talsmaður innan háskólans og utan. Hann ber ábyrgð á útfærslu stefnu Háskóla Íslands á vettvangi fræðasviðs, tengslum við innlenda og erlenda samstarfsaðila, gæðum kennslu, rannsókna og þjónustu, stjórnsýslu og stoðþjónustu fræðasviðsins svo og fjármálum og rekstri sviðsins.

Forseti fræðasviðs og deildarforsetar mynda stjórn fræðasviðs. Í stjórn fræðasviðs á einnig sæti einn fulltrúi nemenda. Stjórn fræðasviðs fjallar um margvísleg sameiginleg málefni fræðasviðsins. Á vettvangi fræðasviðs starfa eftirtaldar nefndir með fulltrúum allra deilda.

*Visindanefnd* vinnur að móton og endurskoðun á stefnu í rannsóknum í samvinnu við deildir og námsbrautir sviðsins.

*Kennslunefnd* hefur umsjón með gerð kennslustefnu fræðasviðsins og fylgir henni eftir í umboði forseta sviðsins. Nefndin skipuleggur samráðsvettvang um kennslumál í deild og sinnir öðrum verkefnum sem hún telur horfa til framfara í málefnum kennslu og náms.

### **2.3. Stefna skólans og gæðamatskerfi**

Í Háskólanum er innra gæðamati beitt á allt starf. Gæðakerfi Háskóla Íslands byggir á þremur meginforsendum:

- Í fyrsta lagi lögum og reglum (lögum um háskóla nr. 63/2006 og reglum settum á grundvelli þeirra svo sem um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna, um viðurkenningu háskóla, um heimild til að bjóða doktorsnám o.fl., lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 og reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009),
- í öðru lagi alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og kröfum um gæðatryggingu (s.s. í tengslum við Bolognaferlið, þ.a.m. samþykkt ráðherra aðildarríkja Bolognaferlisins, Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area)
- í þriðja lagi stefnu og markmiðum Háskóla Íslands.

Á síðustu árum hafa verið gerðar fjölmargar ytri úttektir á Háskóla Íslands og einstaka deildum innan hans sem hafa sýnt að skólinn stendur vel að vígi í alþjóðlegum samanburði.

Árið 2006 setti Háskóli Íslands sér stefnu til fimm ára og jafnframt langtíma markmið sem miðar að því að koma skólanum í hóp fremstu háskóla heims, sjá viðauka 2. Hefur skólinn valið átta háskóla sem samanburðarháskóla, einkum á Norðurlöndum, en einnig í Bandaríkjunum. Stefnan byggir m.a. á því að skólinn sé alþjóðlegur háskóli í örum vexti sem hefur margvislegum skyldum að gegna við íslenskt samfélag og er einnig í nánum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf. Samkvæmt henni er stefnt að því að stórefla doktorsnám við skólan, fjölga birtingum greina í virtum alþjóðlegum tímaritum, laða að hæfustu nemendur og kennara, efla samstarf við virta erlenda háskóla, treysta tengslin við íslenskt atvinnulíf, styrkja stjórnkerfi skólans og bæta stoðþjónustu. Markmið sem sett eru fram í stefnunni eru þríbætt og miðast við að ná framúrskarandi árangri í rannsóknum, kennslu og stjórnun og stoðþjónustu. Sett er fram sérstök aðgerðaáætlun um hvern þessara þátta. Hvað kennsluþáttinn varðar sérstaklega er stefnan að laða að hæfustu nemendurna og kennarana, efla gæðamatskerfi kennslu, endurmetsa og þróa námsframboð, efla upplýsingatækni og að auka ábyrgð nemenda og draga úr brottfalli.

Skólinn vinnur nú markvisst eftir þessari stefnu. Almennt má fullyrða að mikill árangur hafi náðst, einkum á sviði framhaldsnáms og rannsókna. Vegna bankahrungsins á Íslandi í október 2008 og erfiðs efnahagsástands síðan hafa þó ýmsar veigamiklar forsendar breyst. Mikill niðurskurður er í fjárveitingum til skólans á árunum 2009 og 2010 þrátt fyrir að skráðum nemendum við skólan hafi fjölgað umtalsvert á skólaárinu 2009-2010 eða um 20%. Hefur sérstökum samningi menntamálaráðuneytisins við Háskólanum um fjármögnun stefnu skólans um að komast í hóp hundrað bestu háskóla heims verið frestað að sinni en síða aðgerð ein sparar ríkinu 720 milljónir króna árið 2010. Átti sá samningur einkum að efla rannsóknir og vera afkastatengdur og þannig tryggja skólanum viðbótarfé sem mikilvægt er til að skólinn geti starfað í fremstu röð.

Auk almennrar stefnu Háskólan hafa deildir skólans sett á grundvelli hennar sérstaka stefnu fyrir tímabilið 2006 til 2011, þar sem nánar eru útfærð þau markmið sem stefnt er að miðað við hverja deild og verður stefnu lagadeildar nánar lýst á eftir. Breið þátttaka er í stefnumótunarvinnu innan skólans og í deildum. Áður en stefnan var samþykkt fyrir Háskólanum árið 2006 fór fram umræða í deildum, á háskólaþingi og í háskólaráði, auk þess sem ýmsar nefndir, fjölsóttir fundir með starfsfólk og stúdentum og ýmsir utanaðkomandi sérfræðingar fjölluðu um einstök mál. Þetta ferli tryggir viðtæka samstöðu í háskólasamfélagini um meginatriði stefnu skólans.

### **3. Stjórnskipulag lagadeildar**

#### **3.1. Staða deildarinnar og skipulag hennar**

Lagadeild Háskóla Íslands er ein af elstu og fjölmennustu deildum Háskóla Íslands og stærst fjögurra lagadeilda á Íslandi. Hún rekur uppruna sinn til ársins 1908 þegar Lagaskóli tók til starfa á Íslandi. Við stofnun Háskóla Íslands árið 1911 tók lagadeildin við hlutverki Lagaskólans og kennrar hans og nemendur fluttust til deildarinnar. Frá árinu 1970 hefur öll starfsemi lagadeildar farið fram í einni byggingu Háskólans, Lögbergi, en vegna fjölmennra nemendahópa á síðustu árum hefur kennsla í auknum mæli farið fram í stærri kennslusöldum á háskolasvæðinu.

Lagadeild er alhliða háskóladeild á sviði lögfræði þar sem fram fer kennsla í öllum helstu greinum lögfræðinnar og viðamiðklar rannsóknir. Haustið 2009 stunduðu samanlagt 847 nemendur nám í grunnnámi og framhaldsnámi við lagadeildina. Fastráðir kennrar voru samanlagt 23, þar af voru 14 í fullu starfi og 9 í hlutastarfi. Auk þess starfar forstöðumaður og tveir sérfræðingar hjá Lagastofnun og forstöðumaður í hlutastarfi hjá Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni.

Fyrir breytingar á stjórnskipulagi skólans sem tóku gildi 1. júlí 2008 var lagadeild ein af 11 deildum skólans, en er nú ein af sex deildum Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Aðrar deildir á Félagsvísindasviði eru félags- og mannvísindadeild, félagsráðgjafardeild, hagfræðideild, stjórnmálafræðideild og viðskiptafræðideild.

Skrifstofa Félagsvísindasviðs er staðsett í byggingunni Gimli, sem tengist Lögbergi. Hún annast stoðþjónustu og stjórnssýlu fyrir deildirnar sex sem tilheyra sviðinu. Innan skrifstofu sviðsins eru einingar sem sinna einvörðungu ákveðnum deildum og virka þannig sem deildarskrifstofur en auk þess er ýmis sameiginleg þjónusta veitt bæði nemendum og kennurum á sviðinu svo sem á þjónustuborði í Gimli. Á skrifstofu lagadeildar starfar deildarstjóri í náinni samvinnu við forseta lagadeildar varðandi daglega stjórnun deildarinnar. Auk deildarstjóra vinna tveir aðrir starfsmenn á skrifstofunni, þar á meðal alþjóðafulltrúi. Skrifstofan annast margvíslega stjórnssýlu varðandi skipulag og rekstur deildarinnar, samskipti og þjónustu við nemendur og stoðþjónustu við kennara.

Lagadeild er fagleg grunneining innan háskólans og þar fer fram kennsla, rannsóknir og stjórnun deildarinnar. Deildin er sjálfstæð um eigin málefni innan þeirra marka sem sameiginlegar reglur háskólans setja og ber faglega ábyrgð á háskólakennslu og námi og veitingu prófgráðu við námslok í deildinni. Lagadeild fer með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu.

#### **3.2. Stjórnun deildarinnar**

Deildarforseti er faglegur forystumaður lagadeildar og framkvæmdastjóri hennar og er hann kjörinn af deildarfundi til tveggja ára í senn. Hann ber í samráði við forseta fræðasviðs ábyrgð á móton stefnu fyrir deildina, skipulagi náms og gæðum kennslu og rannsókna, tengslum við samstarfsaðila og á því að starfsemi deildar og starfseininga hennar sé í samræmi við fjárhagsáætlun fræðasviðsins. Meginhlutverk hans er að eiga frumkvæði að móton heildarstefnu fyrir deildina, stýra henni frá degi til dags og hafa eftirlit með starfi og stjórnssýlu hennar. Hann ber ábyrgð á fjármálum deildarinnar gagnvart fræðasviði og rektor. Honum til aðstoðar eru deildarstjóri og tveir aðrir starfsmenn skrifstofu lagadeildar sem áður segir. Deildarfundir fara með æðsta ákvörðunarvald í öllu sem snýr að námi við deildina og eru haldrir mánaðarlega yfir skólaárið. Þar eiga 26 deildarfulltrúar atkvæðisrétt, en það eru 18 fastráðir kennrar við deildina með hærra en 50% starfshlutfall, 2 sérfræðingar og 2 forstöðumenn stofnana sem heyra undir deildina auk 4 fulltrúa nemenda.

Þá eiga aðjúntar seturétt á deildarfundum en ekki atkvæðisrétt. Ákvörðunum deildarfundar verður skotið til stjórnar fræðasviðs, eftir því sem nánar er fyrir mælt í reglum Háskólangs.

Auk deildarfunda sem lýst er að framan halda kennrar og sérfræðingar deildarinnar með sér óformlega fundi 1-2 sinnum á ári ásamt deildarforseta, þar sem rædd eru mál, sem deildina snerta, einkum um gæði kennslu og náms. Fundirnir standa venjulega einn dag og eru gjarnan haldnir utan Reykjavíkur. Á slíkum fundum gefst tími til að ræða málefni deildarinnar ítarlega, fjalla um stöðuna á stefnu deildarinnar og hvað hefur áunnist í aðgerðaáætlun hennar, og fara nánar ofan í saumana á einstökum atriðum, einkum þeim sem lúta að faglegri hlið kennslu og rannsókna við deildina og ákveða næstu skref.

*Rannsókna- og meistaránámsnefnd* sem hefur eftirlit með skipulagi meistaránáms og doktorsnáms við deildina, fer yfir umsóknir sem berast vegna LL.M. náms og doktorsnáms og gerir tillögur um þróun meistaránáms, ný námskeið sem eru samþykkt og fylgist með framvindu doktorsnema. Í nefndinni sitja þrír kennrar og deildarforseti hefur seturétt.

*Nefnd um BA-nám* hefur eftirlit með skipulagi BA náms við deildina og þróun þess, mótnu viðmiða um námskröfur og námsmat. Í nefndinni sitja þrír fastir kennrar auk deildarforseta.

*Námsnefnd* er skipuð deildarforseta, einum fulltrúa kennara og tveimur fulltrúum nemenda. Að auki sitja fundi nefndarinnar ritari af skrifstofu lagadeildar og einn af fulltrúum nemenda á deildarfundum. Hlutverk nefndarinnar, sem er ráðgefandi, er að ræða ýmis mál sem varða kennslu og nám við deildina. Þá hefur deildarfundur falið námsnefnd að ákveða hvaða námskeið sem tekin eru við aðra háskóla, m.a. í skiptinámi, eða í öðrum deildum Háskólangs eru metin inn í námið.

*Bókasafnsnefnd* er skipuð fimm föstum kennurum við deildina, einum fulltrúa némenda og formanni sem er forstöðumaður Lagastofnunar. Nefndin tekur ákvörðun um hvernig fjárveitingu af fé lagadeildar er ráðstafað til bóka- og tímaritakaupa á sviði lögfræði til bókasafnsins í Lögbergi.

### 3.3. Stofnanir við deildina og hlutverk þeirra

Nokkrar rannsóknarstofnanir starfa innan végbanda eða í tengslum við lagadeild. Á þeirra vegum fara fram fjölbreyttar rannsóknir og útgáfa og fjöldi laganema, einkum í meistaránámi, er árlega ráðinn til starfa við stofnanir sem heyra undir deildina samhlíða námi sínu í ýmsum rannsóknarverkefnum.

*Lagastofnun* starfar innan lagadeilda og er alhliða rannsóknarstofnun á sviði lögfræði. Í stjórn hennar sitja 4 kennrar við deildina auk 1 fulltrúa nemenda, en með daglega stjórn hennar fer forstöðumaður í fullu starfi. Stofnunin stendur fyrir margvíslegum rannsóknaverkefnum, ýmist í samvinnu við fyrirtæki og opinberar stofnanir eða á grundvelli rannsóknarstyrkja. Stofnunin gefur út ritröð með viðamiklum fræðilegum greinum og ritgerðum í lögfræði og önnur fræðirit. Hjá Lagastofnun starfa nú auk forstöðumanns tveir sérfræðingar í fullu starfi við rannsóknir á auðlindarétti og umhverfisrétti og eru stöður þeirra styrktar af stofnunum í atvinnulífinu. Á vegum lagastofnunar starfa einnig nokkrar rannsóknarstofur um sérstök rannsóknarsvið þar sem kennari á viðkomandi fræðasviði. Þetta eru *Rannsóknastofu í Evrópurétti*, *Rannsóknarstofu í refsirétti og afbrotafræði* og *Rannsóknarstofu í umhverfis- og auðlindarétti*. Rannsóknarstofurnar standa fyrir m.a. vísindalegum rannsóknum hver á sínu sviði og taka þátt í norrænum og alþjóðlegum rannsóknum og tengslanetum.

*Stofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni* tók til starfa við deildina 1. nóvember 2009. Markmið hennar er að efla lögfræðirannsóknir á sviði fjölskylduréttar, svo sem sifjaréttar, hjúskapar- og sambúðarréttar, barnaréttar og barnaverndarréttar. Henni er einnig ætlað að skapa vettvang fyrir þverfaglegar rannsóknir á sviði lögfræði og annarra fræðasviða þar sem fjallað er um hjúskapar- og sambúðarmál og málefni fjölskyldna og barna, s.s. heilbrigðisvíða, menntavísinda, heimspeki og siðfræði. Er stjórn hennar skipuð fulltrúum þessara fræðisviða, en formennskan er í höndum lektors í fjölskyldurétti við lagadeild. Við stofnunina starfar forstöðumaður í hálfu starfi.

*Mannréttindastofnun Háskóla Íslands* er sjálfseignarstofnun, stofnuð af Háskóla Íslands, Lögmannafélagi Íslands og Dómarafélagi Íslands, 14. apríl 1994 með aðsetur í Lögbergi. Lagadeild er með þjónustusaming við Lagastofnun varðandi rekstur og umsýslu og er sameiginlegur forstöðumaður. Í stjórn MHÍ sitja fulltrúar frá Lögmannféluginu og Dómaraféluginu og er formaður stjórnar prófessor við lagadeild. Markmið Mannréttindastofnunar er að vinna að rannsóknum á lögfræðilegum þáttum mannréttinda, annast dreifingu á niðurstöðum þeirra og að styðja við kennslu á þessu sviði.

*Norræna sakfræðiráðið* (Nordisk samarbejdsråd for kriminologi, NSfK) er sjálfstæð norræn rannsóknarstofnun sem verður staðsett á Íslandi frá 1. janúar 2010 til næstu þriggja ára og er skrifstofa þess og skrifstofustjóri með aðstöðu við lagadeild. Hlutverk ráðsins er að efla norrænar rannsóknir á sviði afbrotafræði, refsiréttar og skyldra greina og veita stjórnvöldum upplýsingar til að móta stefnu í löggjöf og afbrotavörnum. Í ráðinu sitja 15 fulltrúar, þrír frá hverju Norðurlandanna, og núverandi formaður þess er prófessor í refsirétti við lagadeild.

### **3.4. Ráðning kennara við lagadeild og starfsskyldur**

#### **3.4.1. Skilyrði ráðningar í fast starf við lagadeild**

Háskólarektor staðfestir ráðningu prófessora, dósenta, lektora, vísindamanna, fræðimanna og sérfraeðinga sem ráðnir eru ótímabundið. Strangar kröfur eru gerðar við ráðningar í störf kennara í fastar stöður við Háskóla Íslands sem miða að því að þangað veljist hæfustu einstaklingar og að ferli ráðninga sé gagnsætt. Skylt er að auglýsa stöður háskólakennara en víkja má frá því ef um ræðir tímabundna ráðningu í styttri tíma en ár eða ekki er um aðalstarf að ræða, en heimilt er að ráða prófessora, dósenta, lektora og aðra akademískra starfsmenn með starfshlutfall á bilinu 20–74%. Lögum samkvæmt skal Háskólinn stofna dórnefnd til að meta hæfi allra þeirra sem sækja um akademísk störf og skulu þeir hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dórnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á viðkomandi sérsviði. Ítarlegar reglur eru síðan um ráðningarferlið í III. kafla reglna fyrir Háskólann. Samkvæmt þeim má engan ráða í starf prófessors, dósents eða lektors við deildina án þess að meirihluti dórnefndar hafi talið hann uppfylla lágmarksskilyrði. Þá skal gerð krafa um doktorspróf á viðkomandi fræðasviði nema deild telji að því verði ekki viðkomið. Skipuð er föst dórnefnd við hvert fræðasvið skólans sem lætur uppi rökstutt álit á því hvort umsækjandi uppfyllir skilyrði fyrir starfinu, en í henni situr þó a.m.k. einn fulltrúi frá viðkomandi deild. Auk þess starfar valnefnd í hverri deild sem skipuð er hverju sinni af sérsviði umsækjanda og metur hver umsækjenda er best fallinn til að gegna starfinu á grundvelli heildarmats á þeim þáttum sem liggja til grundvallar ráðningu í starfið.

#### **3.4.2. Matskerfi Háskóla Íslands um rannsóknir**

Við tímabundna nýráðningu, ótímabundna fastráðningu og framgang í starfi þurfa kennarar lagadeildar að hafa sannað virkni í rannsóknum. Þeim ber að birta niðurstöður rannsókna

sinna á vísindalegum vettvangi, sem gerir strangar fræðilegar kröfur, og leitast jafnframt við að kynna þær fyrir almenningi eftir því sem kostur er. Árleg greinargerð þeirra um rannsóknir sínar er forsenda þess að unnt sé að meta verk þeirra og gera stjórnvöldum grein fyrir árangri Háskólans í rannsóknum. Hin birtu verk eru metin til rannsóknastiga samkvæmt rannsóknamatskerfi Háskóla Íslands sem byggir á alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og mælikvörðum. Eru rannsóknarstigin mikilvægur mælikvarði á árangur fræðimanna við skólann svo og við nýráðningu, ótímabundna ráðningu og framgang.

Öll fræðileg rit- og hugverk háskólamanна eru metin til stiga samkvæmt rannsóknarmatskerfinu og eru stigin misjafnlega mörg eftir því hver er birtingarvettvangurinn og hversu strangar fræðilegar kröfur viðkomandi tímarit eða bókaforlag gerir til útgáfunnar. Niðurstaða rannsóknamatsins hefur síðan áhrif á kjör og akademískan framgang kennara og sérfræðinga, en hún hefur jafnframt áhrif á þær fjárveitingar sem Háskólinn í heild og einstakar deildir fá til rannsókna. Þannig er kerfið skipulagt með það í huga að vera afkastahvetjandi.

### 3.4.3. Fjöldi kennara við lagadeild og starfsskyldur

Lagadeild hefur lengst af búið við þróungan fjárhag og ekki haft svigrúm til þess að fylga föstum kennurum í samræmi við nemendafjölda. Útlit er þó fyrir að rætist nokkuð úr þessu þar sem fjárveitingar munu aukast á árinu 2010 vegna nemendafjögunar og aukinna afkastatengdra rannsóknarfjárveitinga. Fastráðir kennarar við deildina eru nú 23 talsins, þar af eru 14 kennarar í fullu starfi (7 prófessorar, 2 dósentar og 5 lektorar). Auk þess starfa 9 kennarar í hlutastörfum á bilinu 20 – 50% starf (1 prófessor, 3 dósentar og 5 lektorar). Eru starfsígildi/stöðugildi kennara árið 2009, þ.e. þegar lögð eru saman full störf og hlutastörf, alls 17,28. Starfsskylda kennara við Háskólann skiptist í þrjá meginþætti; rannsóknir, kennslu og stjórnun. Hlutfall starfsskyldna er þannig að kennsla er 48%, rannsóknir eru 40% og stjórnun 12%, en hlutfallsskiptingin er sveigjanleg eftir árangri og afköstum kennara.

Sú þróun hefur orðið á síðustu árum að fylga kennurum í hlutastörfum og var tilgangurinn tvíþættur. Á árunum 2001-2003 tóku þrjár nýjar lagadeildir til starfa á Íslandi, þar með talið í einkareknum háskólum sem ráða almennt kennara án auglýsinga og bjóða mun betri launakjör en lagadeild Háskóla Íslands. Með því að ráða í hlutastörf var hægt að festa í starfi við deildina reynda stundakennara með mikilvæga lögfræðilega starfsreynslu, en í hlutastörfum eru einkum kennarar sem eru þekktir að hæfni í lögfræðilegum störfum sínum t.d. sem hæstaréttarlögmenn, dómarar, yfirmenn í stjórnsýslunni eða við alþjóðadómstóla. Hins vegar var með þessu hægt að nýta naumar fjárveitingar deildarinnar til að fylga í starfslíði hennar á meðan fjárveitingar fengust ekki til að ráða í full störf til að mæta stöðugt vaxandi nemendahópi. Þá lagði deildin aukna áherslu á að leita til stofnana og fyrirtækja í atvinnulífi og gera samninga um að styrkja kennarastöður eða hluta þeirra á tilteknun sérsviðum. Hefur þetta borið góðan árangur. Hér á eftir sést hvernig starfsígildum kennara við lagadeild hefur fylgað undanfarin fimm ár:

Ár	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Starfsígildi kennara	11,8	12,59	12,68	15,58	15,88	17,28

Auk fyrrgreindra fastra kennara við lagadeild eru 9 aðjúnktar starfandi við deildina, svo og um 130 stundakennrarar sem kenna þar einstök námskeið eða hluta þeirra einkum á

meistarastigi. Í ljósi þess hversu fáir fastir kennarar eru við deildina gegna stundakennarar miklu hlutverki við að halda uppi kennslu í deildinni. Við val á stundakennurum kappkostar lagadeild að ráða aðeins þá sem lokið hafa alþjóðlegri LL.M gráðu eða öðru framhaldsnámi auk meistaraprófs, en hafa jafnframt reynslu af sérhæfðum störfum t.d. við lögmennsku, dómstóla, stjórnsýslu eða fjármálakerfinu, sem þeir miðla af í kennslunni. Um samsetningu og menntun kennara við lagadeild verður nánar fjallað í kafla 11.2.

#### **3.4.4 Umsjón kennara við stjórnun og skipulag einstakra námsgreina**

Umsjón með þeim námsgreinum sem kenndar eru við deildina er skipt milli fastráðinna kennara og hafa þeir jafnframt umsjón með námskeiðum sem kennd eru í þeirri grein. Um hlutverk og verkefni umsjónarkennara gilda reglur frá 10. desember 2002 (sjá viðauka 2.). Þar er jafnframt fjallað um skilyrði fyrir ráðningu stundakennara.

Hlutverk umsjónarkennara er að stýra og hafa faglega umsjón með kennslu í námsgreininni samkvæmt reglum Háskólans og lagadeildar. Meðal verkefna umsjónarkennara er að bera ábyrgð á gæðum kennslu og prófum í námskeiðum, gagnvart lagadeild. Hann ber jafnframt ábyrgð á því að kennsluáætlun og upplýsingar um meginnámsefni liggi fyrir, áður en kennsla hefst í námsgreininni, svo og að kennslubækur og annað námsefni sé tiltaekti við upphaf kennslunnar. Stundakennarar bera almennit aðeins faglega ábyrgð á gæðum þeirrar kennslu, sem þeir inna af hendi, gagnvart þeim umsjónarkennara úr hópi fastra kennara við deildina, er hefur faglega umsjón með hlutaðeigandi námsgrein sem áður segir.

#### **3.5. Nemendur við deildina**

Á skólaárinu 2009-2010 stunduðu samanlagt 847 nemendur nám við lagadeild Háskóla Íslands, 401 karl og 446 konur og hafa nemendur aldrei verið fleiri. Skipting milli námsleiða var með þeim hætti að nemendur í BA-námi voru 660, nemendur í námsleiðum á meistarastigi voru 182 og nemendur í skipulögðu doktorsnámi voru 5 talsins. Nemendum hefur fjölgæð um meira en 50% frá haustinu 2004 þegar þeir voru 547 og yfir 100% frá árinu 1999, þegar nemendur voru 419.

Lagadeild er meðal fárra deilda háskóla Íslands þar sem hlutfall nemenda af báðum kynjum hefur haldist tiltölulega jafnt frá því að jafnvægi komst á í þeim eftum í byrjun aldarinnar, en langt fram á 8. áratuginn var lögfræði hefðbundin karlagrein. Skólaárið 1998-1999, voru karlar 52% nemenda og konur 48%. Skólaárið 1999-2000 voru kynjahlutföllin nær hnífjöfn. Á skólaárinu 2000-2001 urðu konur í deildinni í fyrsta skipti fleiri en karlar. Eftir það hafa konur verið nokkrum prósentustigum fleiri en karlar. Námsárið 2009-2010 voru 53% nemenda konur, en 47% karlar. Í 10. kafla skýrslunnar er ítarlega lýst þróun í aðsókn að deildinni, fjölda nemenda í námskeiðum, umfangi og nýtingu námskeiða o.fl.

### **4. Stefna lagadeilda og eftirfylgni með henni**

Í tengslum við gerð heildarstefnu fyrir Háskóla Íslands setti lagadeild sér stefnu árið 2006 til fimm ára. Er stefnan meðfylgjandi skýrslunni í viðauka 3. Stefnunni er ætlað að útfæra nánar þau markmið sem koma fram í heildarstefnu fyrir Háskóla Íslands með sérstakri áherslu á stöðu lagadeilda. Í stefnunni er lýst stöðu lagadeildarinnar, hlutverki hennar og því áherslum deildarinnar í kennslu og námi, sem verður nánar lýst í einstaka köflum hér síðar, og hvaða markmiðum deildin hyggst keppa að á árabilinu 2006 til 2011.

Líkt og í heildarstefnu Háskólans er stefnu lagadeilda skipt í þrjú aðalmarkmið, um rannsóknir, kennslu og stjórnun/stoðþjónustu og sett fram aðgerðaáætlun fyrir hvert þeirra. Stefnt er að því að stórefla rannsóknir á vegum deildarinnar, fjölda doktorsnemum, vinna að

því að auka fjárveitingar og húsakost bókasafns deildarinnar, gera kostunarsamninga við aðila í atvinnulífinu um að styrkja rannsóknarstöður, auka möguleika og svigrúm kennara til að ráða aðstoðarmenn og sækja í auknum mæli um styrki í innlenda og erlenda samkeppnissjóði og auka alþjóðlegt samstarf.

Í aðgerðaáætlun stefnunnar til að ná markmiðum varðandi kennslu stefnir deildin að því að brautskrá lögfræðinga sem standast alþjóðlegar gæðakröfur og að búa kennurum og nemendum skilyrði fyrir framúrskarandi kennslu. Í því skyni gerir deildin miklar kröfur til kennara og nemenda. Í stefnunni er m.a. lýst aðgerðum til að laða að hæfustu nemendur og kennara og stefna skuli að því að hlutfall kennara í fullu starfi á nemanda verði 1:17 við lagadeildina árið 2011. Þá er stefnt að því að fjölga verkefnatímum í kennslu og vægi verkefna í námsmati auk þess sem stuðla skuli að því að hvetja meistaranaema til að stunda aðstoðarkennslu í meiri mæli. Loks er áhersla lögð á að deildin viðhaldi áfram miklum námskröfum. Meðal helstu áherslumála í stefnunni er að deildinni verði veitt heimild til töku skólagjalda en að óbreyttum lögum um opinbera háskóla er henni það ókleift.

Deildarforseti ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar í heild en allir starfsmenn deildarinnar bera ábyrgð á því sem undir þá heyrir. Deildarforseti fundar reglulega með öðrum starfsmönnum deildarinnar til að fara yfir framkvæmd stefnunnar og ákveða næstu skref. Þá er stefnan rædd á deildarfundum og í stjórn Lagastofnunar. Vorið 2009 fór fram ítarleg úttekt og umræða innan deildarinnar um hvað hefði áunnist við framkvæmd stefnunnar. Í ljós kom að mikið hefur áunnist, einkum varðandi kennslu og rannsóknir og mörg markmið samkvæmt stefnunni hafa náðst. Verður einstaka þáttum í þessu sambandi nánar lýst í tengslum við ákveðna kafla skýrslunnar hér á eftir.

Á hinn bóginn er ljóst að þegar heildarstefna Háskóla Íslands var samþykkt árið 2006 var bjart útlit fyrir auknar fjárveitingar til skólans allt fram til ársins 2011, og átti fyrrgreindur samningur Háskólans við mennta- og menningarmálaráðuneytið að tryggja fjármögnun stefnu skólans. Vegna efnahagskreppunnar á Íslandi eru forsendur nú gerbreyttar að þessu leyti, t.d. varðandi fjölgun kennara. Á meðan niðurskurður í fjárveitingum til Háskólans er áfram fyrirsjáanlegur og deildinni er ekki veitt heimild til töku skólagjalda er ekki útlit fyrir að hægt verði að ráða bót á þessum vanda. Í þessari aðstöðu felst einn helsti veikleiki deildarinnar varðandi möguleika hennar á að auka enn frekar gæði kennslu og náms við deildina.

## 5. Námsleiðir sem lagadeild býður upp á

### 5.1. Breytingar og nýmæli í skipulagi námsleiða á síðasta áratug

Nám í lagadeild hefur verið byggt upp með áþekkum hætti og hefðbundið laganám í háskólum annarra Norðurlanda. Á síðasta áratug hafa miklar breytingar orðið á skipulagi námsleiða. Til ársins 2002 var aðeins ein námsleið sem lauk með embættisprófi í lögfræði, svokallaðri cand.jur. prófgráðu, að loknu fimm ára námi. Í samræmi við aðlögun að Bologna-ferlinu um þróun háskólastigsins var árið 2002 námi til embættisprófs í lögfræði skipt upp í þriggja ára grunninám til BA-prófs (180 ECTS) og tveggja ára meistaránám til mag.jur. gráðu (120 ETCS). Saman eru þessar prófgráður því ígildi eldra embættisprófs eða cand. jur prófs.

Auk þess býður deildin upp á alþjóðlega LL.M gráðu (90 ECTS) til meistaraprófs í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti (LL.M. in Natural Resources Law and International Environmental Law) og frá haustinu 2009 býður deildin upp á þverfræðilegt nám í skattarétti og reikningsskilum (90 ECTS) í samvinnu við viðskiptafræðideild. Loks er boðið skipulagt 180 ECTS doktorsnám til Ph.D. gráðu.

Þess má loks geta að lagadeildin býður upp á nám í lögfræði sem aukagrein fyrir stúdenta í BA- og BS-námi við aðrar deildir Háskólangs þar sem reglur þessara deilda standa því ekki í vedi. Boðið er upp á lögfræði sem aukagrein á alþjóðasviði, fjármunaréttarsviði, refsiréttarsviði, stjórnsýslusviði, umhverfis- og auðlindaréttarsviði og á almennu sviði og gildir aukagreinin þá sem 60 ECTS af BA- eða BS- námi sem stúdent hefur að aðalnámi.

## 5.2. Reglur lagadeildar um skipulag náms og kennslu

Í almennum reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 er X. kafli helgaður lagadeild, og fjalla 90. og 91. gr. reglnanna um kennslugreinar, prófgráður, námseiningar og framkvæmd prófgráða o.fl. sem varðar deildina, sbr. viðauka 4. Deildin hefur auk þess sett sér ítarlegar reglur um afmarkaða þætti í skipulagi námsleiða sem hún býður upp á. Hér á eftir verða þær taldar upp en nánar verður vísað til þeirra í síðari umfjöllun.

### Grunnnám

- Reglur um BA nám í lögfræði, 25. ágúst 2009.
- Reglur um æfingaskyldu í BA námi, 2. júlí 2002.
- Reglur um BA ritgerðir, 23. ágúst 2005.
- Reglur um lögfræði sem aukagrein fyrir stúdenta í BA/BS námi við aðrar deildir, 30. maí 2007.
- Reglur lagadeildar um form námsritgerða, 30 september 2008.

### Framhaldsnám

- Reglur um kjörgreinar, 15. maí 2003.
- Reglur um áherslusvið, 31. október 2006.
- Reglur um aðstoð meistaranaema við kennslu o.fl., 27. maí 2008.
- Minnisblað um ráðningu aðstoðarkennara í BA námskeiðum, 26. ágúst 2008.
- Reglur um mat á námsgreinum í kandidatnámi sem hluta af meistaranaámi, 30. maí 2007.
- Reglur um meistararitgerðir og önnur lokaverkefni til meistaraprófs (mag.jur.) í lögfræði frá 30. september 2008.
- Reglur um skiptinám og mat á utandeildarnámi sem hluta meistaranaáms, 27. janúar 2009.

- Reglur um námsvist nemenda í framhaldsnámi, 26. febrúar 2008.
- Reglur um þverfaglegt nám í skattarétti og reikningskilum, 19. desember 2008.
- Reglur um alþjóðlegt meistaranaám í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti, 26. febrúar 2008.

### Doktorsnám

- Reglur um doktorsnám og rannsóknanaðsnefnd, 14. október 2006
- Verklagsreglur um mat á námskeiðum, verkefnum og öðru framlagi doktorsnema, 24. apríl 2007.

### Próf og einkunnir

- Reglur um munnleg próf, 14. janúar 2003
- Reglur um gögn sem stúdentar mega hafa með í skriflegum prófum, 25. október 2005.
- Reglur um fjarpróf, 27. janúar 2009
- Reglur um hlutverk og verkefni umsjónarkennara frá 10. desember 2002

Hér á eftir verður greint frá skipulagi einstaka námsleiða með sérstakri áherslu á BA-námið og almenna meistaranaámið til mag.jur. gráðu. Meginþunginn í starfsemi lagadeildar lýtur að þessum tveimur námsleiðum og þar stunda flestir nám en þær stefna að því að veita stúdentum hefðbundna lögfræðimenntun.

## 5.3. BA-nám við lagadeild (grunnnám)

BA-nám í lögfræði jafngildir 180 ECTS og eru allar námsgreinar í því námi bundnar, þ.m.t. 6 ECTS BA-ritgerð. Inntökuskilyrði í grunnnám er að stúdent hafi lokið stúdentsprófi frá menntaskóla eða öðrum framhaldsskóla á Íslandi, eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Deildin hefur sett nánari reglur um skipulag BA-námsins. Nemendur ljúka 17 skyldunámskeiðum í grunngreinum og í samræmi við markmið náms við lagadeild er lögð sérstök áhersla á almennar grunngreinar íslenskrar lögfræði þannig að nemendur tileinki sér alhliða undirstöðukunnáttu og aðferðafræði sem verður undirstaða frekara náms á framhaldsstigi. Námskeiðin og einingafjöldi þeirra eru eftirfarandi:

**1. ár - haustmisseri, 30 ECTS e:**  
Almenn lögfræði og ágrip af réttarsögu 18 ECTS e.  
Inngangur að lögfræði 6 ECTS e.  
Heimspekileg forspjallsvísindi 5 ECTS e.  
**1. ár - vormisseri, 30 ECTS e:**  
Evrópuréttur 6 ECTS e.  
Sífja- og erfðaráréttur 10 ECTS e.  
Stjórnskipunarréttur ásamt ágripi af þjóðarétti 15 ECTS e.  
**2. ár - haustmisseri, 30 ECTS e:**  
Samningaráréttur 10 ECTS e.  
Skaðabótaréttur 15 ECTS e.  
Stjórnsýsluréttur I 5 ECTS e.

**2. ár - vormisseri, 30 ECTS e:**  
Eignaréttur 15 ECTS e.  
Stjórnsýsluréttur II 15 ECTS e.  
**3. ár - haustmisseri, 30 ECTS e:**  
Kröfuréttur I 10 ECTS e.  
Refsiréttur I 10 ECTS e.  
Réttarfar I 10 ECTS e.  
**3. ár - vormisseri, 30 ECTS e:**  
Kröfuréttur II 8 ECTS e.  
Refsiréttur II 8 ECTS e.  
Réttarfar II 8 ECTS e.  
BA-ritgerð 6 ECTS e

Lágmarkseinkunn í hverju námskeiði er 6,0 og það sama á við um námskeið í meistaranámi. Lagadeild gerir kröfu um hærri almenna lágmarkseinkunn en aðrar deildir Háskólangs, þar sem venjulega er gerð krafa um einkunnina 5,0. Skilyrði þess að nemendur geti skráð sig í aðrar námsgreinar í BA-námi en þær sem kennadar eru á 1. ári, er að þeir hafi staðist próf í *Inngangi að lögfræði* og *Almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu*. *Inngangur að lögfræði* er 4 vikna námskeið í byrjun annar og próf í því fer fram í byrjun október. Námskeiðið *Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu* er kennt í beinu framhaldi með prófi í desember.

Kennslustundir samanstanda af fyrilestrum og umræðutímum. Í umræðutímum er nemendum skipt niður í smærri hópa. Samanlagður kennslustundafjöldi í BA-námskeiðum fer eftir einingavægi námskeiðanna og er á bilinu 48 kennslustundir á önn í 6 ECTS námskeiðum til 117 kennslustunda á önn í stærsta námskeiðinu *Almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu* sem er 18 ECTS.

Námsmat í BA-námi fer fram með skriflegum prófum sem gilda á bilinu 50 til 100% en í flestum námskeiðunum fara nemendur einnig í fjarpróf (heimapróf) um miðja önnina sem gildir á bilinu 20 til 50% í námsmati en það er þó breytilegt eftir námskeiðum. Verður námsmati nánar lýst í 12. kafla þessarar skýrslu. Öllum nemendum ber að skila BA-ritgerð til þess að geta útskrifast með BA-próf í lögfræði og er hún metin til 6 ECTS. Árlega stendur lagadeild fyrir stuttu námskeiði fyrir þá sem eru að hefja ritgerðarsmíð eða annars konar verkefnavinnu til BA-prófs. Þar er komið fram hagnýtum leiðbeiningum til stúdenta um grundvallarreglur við gerð fræðilegra ritgerða, þ. á m. um öflun og notkun heimilda. Í reglum deildarinnar um BA-ritgerðir er m.a. fjallað um fresti til að velja ritgerðarefni og skilafresti, hvað felst í umsjón umsjónarkennara og sjónarmið sem þarf að leggja til grundvallar við einkunnagjöf. Reglur um BA-nám eru í birtar í viðauka 5.

#### 5.4. Meistaranám til mag. jur. gráðu (framhaldsnám)

Framhaldsnám til meistaraprófs vegur 120 ECTS og sá sem hefur lokið meistaraprófi við lagadeild ber próftitlinn magister juris (mag.jur). Námið skiptist þannig að stúdentar skulu ljúka 90 ECTS í kjörgreinum auk 30 ECTS lokaritgerðar. Inntökuskilyrði í meistaranámið er að stúdent hafi lokið BA-námi við lagadeild Háskóla Íslands eða sambærilegu prófi frá öðrum háskóla. Lagadeild leggur áherslu á að grunnnám frá öðrum háskóla sé raunverulega sambærilegt því sem kennt er í BA-námi við deildina svo sem að helstu grunngreinar lögfræðinnar hafi verið kenndar þar og að umfang námsefnis og kennslustundafjöldi sé sambærilegur.

Á hverju skólaári býður deildin upp á í kringum 40 valnámskeið á meistarastigi og gildir hvert þeirra venjulega um 6 ECTS. Eru námskeiðin almennt í boði annað hvort ár, en sum eru kennd árlega. Samanlagt er boðið upp á kennslu í tæplega 70 valnámskeiðum í meistaranámi við deildina. Í viðauka 6 með skýrslunni er gefið yfirlit yfir öll námskeiðin sem kennd eru í meistaranámi við deildina og í viðauka 7 þau námskeið sem voru kennd skólaárið 2009-2010.

Í hverri kjörgrein eru almennt 36 kennslustundir í formi fyrirlestra og umræðutíma. Flest námskeiðin standa alla önnina, þ.e. 12 vikur, en í nokkrum tilvikum eru námskeið kennd í 6 vikur með fleiri kennsludögum í viku. Nemendur skila verkefnum í hverri grein sem gildir á bilinu 20-50% af námsmati í greininni. Próf í kjörgreinum eru venjulega munnleg. Nánari reglur hafa verið settar um kjörgreinar. Venjulega eru 10 meistaranámskeið kennd á ensku á hverju skólaári. Þau eru einnig sótt af erlendum skiptinemum á meistarastigi auk þess sem þau eru skyldunámskeið í alþjóðlegu námsleiðinni LL.M. í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti, sem verður nánar lýst á eftir.

Nemendur geta útskrifast af einhverju af tíu áherslusviðum í meistaranámi. Deildin hefur sett sérstakar reglur um áherslusvið og samsetningu þeirra og eru þær meðfylgjandi skýrslunni, sbr. viðauka 8.

Nemendur í meistaranámi geta stundað skiptirám við lagadeildir tiltekinna erlenda háskóla sem lagadeild hefur gert samstarfssamning við á grundvelli ERASMUS og NORDPLUS samstarfsáætlana milli háskóla. Lista yfir samstarfsháskóla má sjá í viðauka 9. Skiptinámið stendur að jafnaði eina önn og geta nemendur fengið allt að 30 ECTS metnar inn í meistaranámið og í sérstökum tilvikum allt að 60 ECTS á tveimur önnum. Einnig geta nemendur tekið námskeið í öðrum deildum Háskólans sem hafa slík sérstök tengsl við lögfræði að eðlilegt telst að meta þau sem hluta af meistaranámi við lagadeild til allt að 18 ECTS. Í undantekningartilvikum er hægt að fá það metið til 30 ECTS, samkvæmt nánari reglum sem um það gilda.

Ýmsir aðrir valkostir standa meistaranemum til boða um þjálfun í lögfræði sem hægt er að fá viðurkennda til eininga í meistaranámi. Settar hafa verið reglur um aðstoð meistaraneða við kennslu í umræðutímum og verkefnatímum og við prófavinnu í BA-námi. Unnt er að fá 6 ECTS einingar metnar sem þátt í meistaranáminu fyrir slíka aðstoðarkennslu.

Loks getur lagadeild heimilað að námsvist meistaraneða við fyrirtæki eða stofnun, sem hlutið hefur viðurkenningu lagadeilda verði metin sem hluti af framhaldsnámi til meistaragráðu, allt að 6 ECTS einingar. Deildin hefur sett reglur um hvaða stofnanir og fyrirtæki verði viðurkennd til að veita námsvist og faglega umsjón með störfum nemanda í námsvistinni, sbr. viðauki 10.

Meistaranáminu lýkur með vinnu við meistararitgerð sem vegur 30 ECTS. Deildin hefur sett ítarlegar reglur um meistararitgerðir, sbr. viðauki 11. Þar er m.a. fjallað um val á efni, kröfur sem gerðar eru til umsjónarkennara, skyldur umsjónarkennara og hvað felst í umsjón þeirra. Nemendur eru prófaðir munnlega úr ritgerðarefninu, að viðstöddum prófdómara.

## 5.5. LLM. nám – Alþjóðleg prófgráða í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti (Natural Resources Law and International Environmental Law)

Haustið 2003 var tekin upp ný alþjóðlega prófgráða, LL.M. til meistaraprófs í þjóðarétti og umhverfisrétti (90 ECTS) á ensku (LL.M. in International and Environmental Law). Árið 2006 var námsleiðin endurskoðuð með tilliti til þess að stefna að meiri sérhæfingu í lagareglum sem gilda um auðlindir og umhverfi með áherslu á íslensk, evrópsk og alþjóðleg sjónarmið og heitir nú LL.M í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti (Natural Resources Law and

International Environmental Law). Námið fer að öllu leyti fram á ensku og um námskeið sem þar eru kennd viðast til lýsingar á meistaránámskeiðum að framan. Námið er 90 ECTS, þar af 30 ECTS lokaritgerð. Hægt er að ljúka því á einu ári með því að skrifa ritgerðina um sumar en það er ekki skilyrði. Nemendur geta lokið náminu á lengri tíma en einu ári.

Að öðru leyti er skipulag námskeiða með sama hætti og á við um meistaránám til mag. jur. prófs. Deildin hefur sett ítarlegar reglur um námsleiðina, sbr. viðauka 12.

Frá vorinu 2004 hafa 13 nemendur útskrifast frá deildinni með LL.M próf í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti og 8 nemendur eru nú skráðir þar til náms.

### **5.6. Þverfaglegt nám í skattarétti og reikningsskilum**

Frá haustinu 2009 hefur lagadeild í samvinnu við viðskiptafræðideild boðið upp á þverfaglegt nám í skattarétti og reikningsskilum. Námið er 90 ECTS og miðað er við að lengd námsins sé tvö ár eða 4 misseri og lýkur með 18 ECTS meistararitgerð. Alls stunda 25 nemendur þverfaglegt nám í skattarétti og reikningsskilum.

Námið miðar að því að veita fræðilega menntun á ýmsum sviðum er snerta skattamál og reikningsskil, og þannig er komið til móts við þarfir þjóðfélagsins fyrir rannsóknir, þjónustu og stefnumótun sem tengist skattamálum og reikningsskilum. Lagadeild leggur til 6 námskeið sem eru 6 ECTS hvert og fjalla um innlendan og alþjóðlegan skattarétt svo og félagarétt. Framlag viðskiptafræðideilda er sambærilegt. Náminu lýkur með 18 ECTS meistaránámsritgerð. Sérstakar reglur hafa verið settar um nánara inntak námsins.

### **5.7. Doktorsnám til Ph.D. gráðu**

Skipulagt doktorsnám hófst við lagadeild haustið 2004. Þá opnuðust nýir möguleikar fyrir íslenska lögfræðinga til að stunda umfangsmiklar rannsóknir hérlandis með styrkjum frá íslenskum og erlendum rannsóknasjóðum. Var lagadeild Háskólans fyrst lagadeilda hér á landi til að taka upp skipulagt doktorsnám og til að útskrifa nemanda með Ph.D. námsgráðu. Doktorsnámið byggir annars vegar á 150 ECTS rannsóknarverkefni (doktorsritgerð), en hins vegar á öðru 30 ECTS áskildu framlagi af hálfu doktorsnemans á námstímanum.

Um doktorsnámið og skipulag þess er fjallað í reglum um doktorsnám, frá 14. október 2004 og verklagsreglu um mat á námskeiðum, verkefnum og öðru framlagi doktorsnema við lagadeild Háskóla Íslands, frá 24. apríl 2007, sbr. viðauka 13 og 14. Fyrsti nemandinn útskrifaðist með Ph.D. gráðu frá lagadeildinni vorið 2009. Um þessar mundir eru 5 nemendur í doktorsnámi við deildina og mun a.m.k. einn þeirra útskrifast árið 2010. Tveir doktorsnemanna eru jafnframt lektorar við lagadeild og einn sérfræðingur hjá Lagastofnun.

Þess má geta að áður en skipulagt doktorsnám byrjaði við deildina luku nokkrir dr. jur. gráðu, þ.e. sjálfstæðu rannsóknarnámi og vörn doktorsritgerðar. Frá árinu 1927 til 2005 vorðu 7 lögfræðingar doktorsritgerð við lagadeild og hlutu þar með dr. jur. gráðu.

## **6. Tenging námsins við hlutverk skólans**

### **6.1. Hvernig fellur námið (innihald námsins og kennslan) að hlutverki (markmiði/ áherslum/ stefnu) skólans?**

#### **6.1.1. Stefna deildar og skóla um innihald náms og kennslu í lögfræði**

Samkvæmt stefnu lagadeildar er meginhlutverk hennar við móton kennslu og náms að kenna íslenska lögfræði og mennta hæfustu lögfræðinga til starfa í íslensku samfélagi. Þetta endurspeglar jafnframt eitt af helstu áhersluatriðum í stefnu Háskólans. Þannig segir m.a. í stefnu Háskólans að hann skuli vera í nánum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf. Háskóli Íslands gegnir lykilhlutverki í íslensku samfélagi. Það er skylda hans að ávaxta íslenskan

menningararf og stunda öflugar rannsóknir á íslensku samfélagi. Háskólinn stefnir að því leggja sérstaka rækt við fræðigreinar og rannsóknir sem varða Ísland sérstaklega.

Á sama tíma vinnur lagadeild að því markmiði sem kemur fram í stefnu Háskólans að leggja aukna áherslu á alþjóðleg samskipti, m.a með því að fylga samstarfssamningum við erlenda háskóla um nemenda- og kennaraskipti. Á hverju ári nýta fjölmargir meistaranemar í laganámi sér heimild til að taka eina önn námsins við erlenda háskóla og deildin tekur á móti um 30 erlendum skiptinemum árlega.

Samkvæmt reglum deildarinnar um doktorsnám skulu doktorsnemar verja hluta af námstíma sínum við erlenda háskóla og ví sindastofnanir. Samkvæmt reglum deildarinnar um doktorsnám verða nemendur að ljúka a.m.k. 12 ECTS einingum námsins með þátttöku í námskeiðum í aðferðafræði og réttarheimspeki og námskeiðum á fræðasviði doktorsnema. Lagadeild tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi, einkum með lagadeildum háskóla á Norðurlöndum á þessu svíði og hafa námskeið m.a. verið haldir hér á landi, með þátttöku bæði kennara og nemenda frá lagadeild Háskólans. Þar má nefna tengslanetið Nordisk workshop i strafferet með þátttöku norrænna prófessora í refsírétti og doktorsnema svo og JURFORSK sem er sameiginlegur vettvangur lagadeilda háskóla í Danmörku. Samkvæmt samkomulagi hefur lagadeild Háskólans aðgang að námskeiðum sem JURFORSK skipuleggur fyrir doktorsnema. Þá má nefna samstarf á vettvangi NELN (Nordic Environmental Law Network eða Nordic Environmental Law, Governance and Science Network) sem er sameiginlegur vettvangur lagadeilda háskóla á Norðurlöndum í umhverfis- og auðlindarétti og nú einnig í umhverfis- og auðlindafræði. Doktorsnemar við lagadeild Háskóla Íslands hafa sótt doktorsnámskeiðin og einnig eru í boði ferðastyrkir í gegnum þetta net fyrir doktorsnema. Þá er samkomulag um að nemendur geti sótt doktorsnámskeið á vegum lagadeildar Háskólans í Uppsölum.

Loks er vert að árétt að lagadeild leggur áherslu á að útskrifa lögfræðinga sem eru alþjóðlega samkeppnishæfir, hvort heldur til þess að stunda frekara nám við erlenda háskóla eða til þess að starfa við alþjóðastofnanir. Ljóst er að þeir sem útskrifast frá deildinni eiga greiðan aðgang að erlendum háskólum, til frekara náms eftir að hafa lokið meistaraprófi frá deildinni. Það sést m.a. af könnun sem gerð á var á afdrifum nemenda sem brautskráðust á síðustu fimm árum frá deildinni og verður nánar lýst í 13. kafla.

### 6.1.2. Áherslur í kennslu

Stefna deildarinnar varðandi áherslur í kennslu eru í fullu samræmi við heildarstefnumörkun Háskóla Íslands og raunar samhljóða henni í ýmsum atriðum en deildin markar síðan nánari útfærslur. Markmið kennslu í lögfræði við lagadeild er í fyrsta lagi að þjálfa nemendur til að vinna sjálfstætt að rannsóknum og leysa úr hvers kyns lögfræðilegum álitaefnum og í öðru lagi að búa þá undir störf, þar sem reynir á alhliða og staðgóða lögfræðiþekkingu. Þessi störf eru fyrst og fremst hin hefðbundnu störf lögfræðinga, þ.e. störf dómarra og lögmannra, en einnig er lögð áhersla á að búa nemendur undir störf á öðrum vettvangi, t.d. í opinberri stjórnsýslu og hjá einkafyrirtækjum, þar sem ýmist er krafist lögfræðilegar sérþekkingar eða slík sérþekking kemur að góðum notum. Til að ná þessu markmiði verður námið, bæði að vera af tiltekinni dýpt og á sama tíma þarf innhald þess að vera viðtækt, þ.e. að ná til þeirra fjölmörgu greina lögfræðinnar sem lögfræðingar þurfa að kunna skil á. Jafnframt er markmið deildarinnar að brautskrá lögfræðinga sem standast alþjóðlegar gæðakröfur.

Áherslur í kennslu miðast m.a. við að hafa ákveðið hlutfall kennslustunda í formi fyrirlestra og ákveðið hlutfall í formi umræðutíma. Ætlast er til þess að nemendur undirbúi

sig vel fyrir kennslustundir og er ítarlegri kennsluáætlun dreift í upphafi hvers námskeiðs þar sem gerð er grein fyrir lesefni fyrir hvern tíma. Mikið er notast við glærur á Power Point í kennslu. Er þeim og öðrum gögnum dreift fyrir tíma á upplýsingakerfi Háskólans, UGLA, þar sem hvert námskeið hefur eigin heimasíðu og er það mikilvægur samskiptavettvangur kennara og skráðra nemenda í hverju námskeiði, eins og nánar verður lýst síðar. Nemendur verða að vera viðbúnir því að svara spurningum kennara í fyrilestratímum og eru jafnframt hvattir til að spryrra kennara.

Í flestum námskeiðum í BA-náminu eru meistaránemar ráðnir sem aðstoðarkennarar. Þeir vinna í samráði við umsjónarkennara við undirbúning raunhæfra verkefna um efni sem nýlega hefur verið farið yfir í fyrilestrum. Eru verkefni lögð fyrir nemendur með góðum fyrirvara og rætt um úrlausn þeirra í umræðutímum með smærri hópum nemenda undir stjórn aðstoðarkennara. Í sumum BA-námskeiðum fléttu umsjónarkennarar jafnframt saman fyrilestrum og úrlausn raunhæfra verkefna. Venjulega þurfa nemendur að skila inn verkefnum eða taka fjarpróf sem gildir á bilinu 20-50% af námsmati á móti skriflegu prófi. Í reglum um æfingaskyldu stúdenta í BA-námi við lagadeild er ráðgert að nemendur þurfi leysa af hendi ákveðna æfingaskyldu, eða allt að tveimur æfingum (raunhæfu verkefni eða stuttri ritgerð) og er hægt að binda próftökurétt í námskeiðum því skilyrði að nemandi hafi lokið a.m.k. einni slíkri æfingu með fullnægjandi árangri að mati kennara.

Í meistaránáminu er enn frekari áhersla lögð á umræðutíma fremur en fyrilestra og gagnvirkni kennslunnar en stór hluti nemenda í almenna meistaránáminu tekur námskeið á ensku, ásamt skiptinemum frá erlendum háskólum. Yfirleitt er nemendahópurinn minni og ýmsar útfærslur eru á því hvert er framlag nemenda í tímum. Í mörgum námskeiðum er verkefnum deilt út til nemenda í upphafi námskeiðs og þeir látnir bæði undirbúa framsögu í tíma um tiltekið efni og skila inn stuttri ritgerð um sama efni. Dæmigert verkefni af þessum toga er að minni hópum 3-4 nemendum er falið að kryfja tiltekinn dóm, t.d. frá Hæstarétti Íslands eða alþjóðadómstól, gera grein fyrir réttarreglum sem þar reynir á og síðan skila verkefnum um ályktanir sem draga megi af dóminum. Þótt nemendur vinni stundum í hópum er lögð áhersla á að þeir skili hver sínu skriflega verkefni, þar sem deildin telur það skila betri þjálfun fyrir hvern og einn í rituðu máli.

#### 6.1.3. Hvatning til nemenda, kennsluhættir og námsmat

Frekari áherslur í stefnu deildarinnar varðandi kennslu eru samhljóða heildarstefnu Háskólans sem áður segir. Þannig hefur lagadeildin tekið upp verðlaunaafhendingar til afburðanemenda, bæði í grunnnámi og framhaldsnámi, aukið verkefnavinna og kappkostað að ávallt liggi fyrir ítarlegar og aðgengilega upplýsingar um námsframboð við deildina og hvert og eitt námskeið í rafrænni kennsluskrá skólans. Aukin áhersla er lögð á kennsluhætti sem efla gæði náms og taka mið af sérstöðu námsgreina. Stórum hópum nemenda hefur verið skipt í minni umræðuhópa og hefur það gefið mjög góða raun. Einnig má nefna sem dæmi að nemendur hlusta á málflutning í Hæstarétti og semja „dóm“ í hlutaðeigandi máli. Eftir uppkvaðningu dómsins í Hæstarétti er hann til tekinn til umfjöllunar í tíma ásamt dóum nemenda í málinu. Í sumum greinum er fylgst með málflutningi fyrir dómkostum.

Þá hefur námsmat verið gert fjölbreyttara í grunnnáminu. Í stað þess að byggja eingöngu á einu skriflegu prófi í lok annar gilda verkefni eða heimapróf sem hluti einkunnar. Skrifleg próf eru auk þess í meira mæli tekin á tölvur og í einstaka tilvikum hafa nemendur aðgang að öllum gögnum, svo sem lesefni eða glósum til að nota við úrlausn prófa (open book).

Í meistaranáminu hefur æ meiri áhersla verið lögð á að fá metin til eininga inn í námið bæði námsvist laganema t.d. á lögmannsstofum eða hjá dómstólum undir lögfræðilegri handleiðslu svo og verkefni á borð við þátttöku í alþjóðlegum málflutningskeppnum.

Eftir bankahrunið á Íslandi haustið 2008 og þá djúpu efnahagskreppu sem tók við í kjölfarið með stórfelldum niðurskurði á fjárveitingum til Háskólans hafa áherslur í stefnu bæði Háskólans og lagadeildarinnar á uppbyggingu íslensks samfélags aukist. Í krafti sérþekkingar sinnar hafa kennarar skólans, og þá sérstaklega í lagadeild, viðskiptafræðideild og hagfræðideild gegnt mikilvægu hlutverki við störf og margvíslega ráðgjöf um úrlausn flókinna verkefna sem samfélagið stendur nú frammi fyrir. Einnig hefur deildin hefur staðið fyrir fjölmörgum málþingum um lagalegar hliðar bankahrunsins. Kennarar miðla jafnframt af mikilvægri reynslu við úrlausn þessara mála í kennslu og rannsóknum hver á sínu sviði.

## 6.2. Hvernig fellur kennslueiningin að annarri starfsemi skólans?

Lagadeild fellur mjög vel að annarri starfsemi Háskóla Íslands og hafa samræmdar reglur verið settar um flest atriði sem eru sameiginleg milli allra kennslueininga, en í skólanum eru 25 deildir á 5 fræðasviðum. Skólinn og einnig lagadeild hafa unnið markvisst eftir Bologna ferlinu að þessu leyti. Deildin hefur þannig samræmt námstíma í þriggja ára grunnnám, tveggja ára meistaranám og þriggja ára doktorsnám, gert prófskírteini aðgengilegri og læsilegri með stöðlum um viðauka og tekið upp samræmt einingakerfi með ECTS einingum. Vegna samræmdra reglna um vægi námskeiða er nemendum lagadeildar í meistaranámi auðveldað að taka námskeið í greinum skyldum lögfræðinni, einkum viðskiptafræði, hagfræði, stjórnunálafræði og öðrum félagsvísindum til að fá þau metin sem hluta meistaranámsins við deildina. Með þessu geta nemendur við lagadeild útvíkkað innihald námsins með tengdum greinum. Eins má nefna að þeir sem stunda meistaranám í öðrum deildum Háskólans geta tekið námskeið á meistarastigi við lagadeild og fengið metið sem hluta af sínu námi. Þá hefur lagadeild sett sérstakar reglur um lögfræði sem aukagrein, fyrir nemendur í BS- eða BA-námi í öðrum deildum, sem geta tekið allt að 60 ETCS af námi sínu við aðrar deildir í námskeiðum lagadeilda.

Eftir að lagadeild varð ein af 6 deildum félagsvísindasviðs með breytingu á stjórnskipulagi Háskólans 1. júlí 2008 hefur tekist að tengja hana betur en áður við aðrar deildir skólans, einkum þær sem eru á Félagsvísindasviði. Hið nýja skipulag hefur orðið hvatning til að auka framboð á þverfræðilegum námsleiðum og rannsóknum sem er mjög í anda stefnu bæði Háskólans og deilda hans. Sem dæmi má nefna að ný þverfagleg rannsóknarstofnun um fjölskyldumálefni var sett á fót í lagadeild haustið 2009.

Haustið 2009 hófst nýtt 90 ECTS þverfræðilegt nám á meistarastigi í skattarétti og reikningsskilum á vegum lagadeilda og viðskiptafræðideilda sem áður var lýst. Aðsókn í námið á fyrsta árinu lofar mjög góðu og bendir til þess þörf hafi verið á slíkri námsleið, einkum fyrir íslenskt atvinnulíf.

Frá árinu 2001 hefur lagadeild, ásamt nokkrum öðrum deildum háskólans, staðið að 120 ECTS þverfaglegu og rannsóknatengdu meistaranámi (sem leiðir til MS eða MA gráðu) í umhverfis- og auðlindafræðum (Environment and Natural Resources). Námið lýtur sérstökum reglum og stjórn sem skipuð er fulltrúum deilda sem leggja námslínunni til námskeið, leiðbeinendur og annað það sem námið byggir á, en það fer að mestu fram á ensku. Hefur lagadeild m.a. lagt til námskeið á sviði umhverfisréttar (alþjóðlegs, evrópsks og íslensks), hafréttar, um sjálfbæra þróun, sem og sérhæfð námskeið um auðlindarétt (Natural Resources Law). Alls leggur lagadeild nú 6 námskeið til þessarar námsbrautar.

Einnig má nefna að lagadeild leggur til fjölmörg námskeið og kennara í ýmis konar sérhæfðu meistaranaði á vegum stjórnunálafræðideilda. Ær þar einkum um að ræða meistaranaði í alþjóðasamskiptum (120 ECTS sem leiðir til MA gráðu) annars vegar og meistaranaði í opinberri stjórnsýslu (120 ECTS sem leiðir til MPA gráðu) hins vegar. Hvað varðar meistaranaði í alþjóðasamskiptum, þá hefur lagadeild lagt til þess námskeið á sviði almenns þjóðaréttar og mannréttindaréttar í tengslum við sérhæfða námslínus um alþjóðalög og mannréttindi sem byggir á samstarfi deildanna, en alls leggur lagadeild þrjú (6 ECTS) námskeið til þessarar námsbrautar.

## 7. Rannsóknir og tengsl rannsókna og kennslu

### 7.1. Hver er staða rannsókna við skólann á þessu fræðasviði?

Eins og lýst var að framan er við lýði rannsóknarmatskerfi við Háskóla Íslands og ber öllum kennurum að skila árlegri greinargerð til vísindasviðs sameiginlegrar stjórnsýslu með upplýsingum um ritverk sín og rannsóknir og eru verkefnin síðan metin til rannsóknarstiga eftir ákveðnu kerfi um vægi rannsókna. Er þetta stigamatskerfi mikilvægur mælikvarði á árangur allra kennara við skólann enda veitir það haldgóðar og samræmdar upplýsingar til að meta stöðu rannsókna við einstaka deildir skólans og afköst akademískra starfsmanna þeirra. Staða rannsókna við lagadeild hefur ávallt verið með því besta sem gerist í Háskólanum og hefur hún á undanförnum árum yfirleitt verið meðal þriggja efstu deilda skólans með tilliti til fjölda rannsóknarstiga. Kennrar lagadeilda Háskóla Íslands eru höfundar að nær öllum helstu fræðiritum í grunngreinum íslenskrar lögfræði sem kenndar eru við lagadeildir íslenskra háskóla. Auk þess eru þeir virkir í birtingum á ritrýndum fræðigreinum í innlendum og erlendum fræðitímaritum. Á það einkum við í norrænu samstarfi sem og öðrum alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Í töflu hér að neðan kemur fram hver var staða lagadeilda samanborið við meðaltal allra 11 deilda háskólans árin 2004-2007 þ.e. fyrir breytingarnar á stjórnskipulagi skólans 2008. Hér er miðað við starfsígildi, þ.e. fullt akademískt stöðugildi.

Rannsóknarstig kennara	2004	2005	2006	2007
Lagadeild	37	46	52	40
Meðaltal stiga í öllum deildum	32	30	30	29

Af þessum tölum sést að kennrar lagadeilda voru talsvert yfir meðaltali rannsóknarstiga yfir skólann og voru í 2. til 4. sæti yfir stigahæstu deilda Háskóla Íslands árin 2004-2007 þegar litid er til fjölda akademískra stöðugilda. Jafnvel þó miðað sé við fjöldfastra starfsmanna í lagadeild án þess að taka tillit til starfshlutfalls eru fræðimenn lagadeilda mjög ofarlega í þessum samanburði. Í viðauka 15 er gefin upp nánari sundurliðum á stigum lagadeilda í samanburði við aðrar deilda Háskólans.

Eftir að breyting var gerð á stjórnskipulagi Háskólans 2008 eru deilda skólans 25 á 5 fræðasviðum eins og áður hefur komið fram og því eru nú fleiri deilda til að bera saman í þessu tilliti. Hér á eftir sést staða lagadeilda að þessu leyti á árinu 2008, en tölur fyrir 2009 liggja ekki fyrir þegar þetta er ritað. Á töflu hér á eftir koma fram tölur yfir meðaltal rannsóknarstiga á hvert starfsígildi kennara við lagadeild annars vegar og síðan meðaltöl fyrir starfsígildi kennara á hverju sviði fyrir sig.

Rannsóknarstig kennara árið 2008	Meðaltal stiga pr. starfsígildi
1. Allar deildir Félagsvísindasviðs	34,4
<b>Lagadeild</b>	<b>43,0</b>
2. Allar deildir Heilbrigðisvísindasviðs	25,1
3. Allar deildir Hugvísindasviðs	32,4
4. Allar deildir Menntavísindasviðs	19,3
5. Allar deildir verk- og náttúruvísindasviðs	27,78

Hér sést að lagadeild var yfir meðaltali bæði deilda Félagsvísindasviðs og annarra sviða, og í þróðja sæti yfir deildir Félagsvísindasviðs á eftir stjórnmálafræðideild og hagfræðideild.

Örðugt er að gera grein fyrir stöðu rannsókna við lagadeild Háskóla Íslands í samanburði við aðrar lagadeildir háskóla í landinu þar sem samræmt rannsókna- eða stigamatskerfi fyrir alla háskólana hefur ekki tekið gildi. Í úttekt sem var gerð á vegum Ríkisendurskoðunar árið 2007 um kostnað, skilvirkni og gæði þriggja lagadeilda við íslenska háskóla var lýst niðurstöðum varðandi stöðu rannsókna við lagadeildirnar þrjár, en niðurstöðum hennar er lýst í kafla 12.3.2. Var þar notað sama viðmið fyrir allar deildir, svokallað *birt greinarígildi*.<sup>1</sup> Niðurstaðan varð að greinarígildi á hvert akademískt stöðugildi voru langflest hjá lagadeild Háskóla Íslands (HÍ), eða tvívar sinnnum fleiri en hjá Háskólanum í Reykjavík (HR) og Háskólanum á Bifröst (HB) þar sem þau voru álíka mörg.

#### Birt greinarígildi á hvert akademískt stöðugildi í lagadeildum þriggja háskóla 2003-2005

	2003	2004	2005	Meðaltal
HÍ	2,3	2,1	2,3	2,2
HB	1,7	0,4	0,8	1,0
HR	0,5	1	1,2	0,9

Lagadeild hefur aflað sambærilegra upplýsinga frá vísindasviði Háskólans um birt greinarígildi á hvert akademískt stöðugildi í lagadeild fyrir árin 2006-2009 þar sem notuð er sama skilgreining og Ríkisendurskoðun gerði í skýrslu sinni frá 2007 og birtast tölur hér:

#### Birt greinarígildi á hvert akademískt stöðugildi í lagadeild HÍ 2006-2009

	2006	2007	2008	2009	Meðaltal
HÍ	4,0	3,7	3,4	3,8	3,7

Af þeim tölum sem hér hefur verið lýst verður ráðið að staða kennara lagadeildar í rannsóknum er mjög góð og hefur útgáfa á ritrýndum fræðigreinum, bókarköflum og umfangsmiklum fræðiritum aukist umtalsvert á síðustu árum. Helsti birtingarvettvangur rannsókna kennara deildarinnar er á innlendum vettvangi, en talsvert er einnig um birtingar

<sup>1</sup> Skilgreining Ríkisendurskoðunar á *birtu greinarígildi* er eftirfarandi: „Ritsmíðar akademískra starfsmanna með rannsóknarskyldu. Einnig ritsmíðar þar sem akademískur starfsmaður er meðhöfundur. Efni ritsmíða skal vera í samræmi við skilgreiningar OECD á rannsóknum sem finna má í ritinu *Frascati Manual. Proposed Standard Practice for Surveys on Research and Experimental Development*. OECD, 2002. Þar eru rannsóknir greindar í tvennt: Grunnrannsóknir (basic research) og hagnýtar rannsóknir (applied research). Ritsmíðar geta verið bækur, bókarkaflar, greinar í fræðitímaritum eða ráðstefnuritum sem birst hafa opinberlega. Allar ritsmíðar skulu hafa verið ritrýndar af sérfraðingi/um sem teljast óháðir höfundi/um. Fylgt er skilgreiningum kjaranefnar á ritsmíðum (birtingarflokkum). Við talningu voru bækur látnar vega fjórfalt á við greinar, ein bók var m.ö.o. talin fjögur greinarígildi. Allar greinar og bókarkaflar voru hins vegar lögð að jöfnu í talningunni.“

í erlendum ritrýndum tímaritum og ráðstefnuritum og svo og bókum gefnum út af erlendum bókaforlögum. Á hinn bóginn er ljóst að alþjóðleg tímarit um lögfræði eða félagsvísindi eru almennt ekki skráð í ISI-gagnagrunninn, en Háskólinn stefnir sérstaklega að því að fjölga birtingum kennara sinna og annarra akademískra starfsmanna á þeim vettvangi.

Ef litið er til helstu veikleika hvað varðar rannsóknir er ljóst að fastir kennarar deildarinnar búa við mikið kennsluálag í ljósi mikils fjölda nemenda og fárra kennara. Með því að auka verkefnavinnu nemenda og fjölga meistaranámskeiðum hefur það álag enn aukist. Þannig hafa kennarar lítið svigrúm til þess að helga sig rannsóknum eða vinnu við undirbúning umsókna um alþjóðlega rannsóknarstyrki eða þáttöku í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum svo dæmi séu tekin. Þó hafa kennarar tekið virkan þátt í norrænum og alþjóðlegum rannsóknarverkefnum t.d. á sviði refsréttar. Einnig hafa veigamiklir styrkir verið veittir til fræðimanna deildarinnar. Má þar nefna að í byrjun árs 2010 fengu tveir dósentar við lagadeild 18 milljóna króna styrk (98 þús. evrur) úr PROGRESS-áætlun Evrópusambandsins. Verkefnið sem styrkurinn fékkst til er hluti af umfangsmikilli rannsókn á jafnrétti og banni við mismunun í löggjöf á Íslandi vegna þjóðernis, aldurs, kynhneigðar, fötlunar og fleiri þátta, í samanburði við tilskipanir ESB á þessu sviði. Þá felur verkefnið í sér útgáfu fræðibókar um efnið, námskeið við lagadeild um jafnrétti og mismunun.

## 7.2. Hvaða þýðingu hafa rannsóknir kennara fyrir námið?

Rannsóknir kennara hafa mikla þýðingu fyrir kennslu og nám nemenda í lagadeild, og þá einkum í meistaranáminu. Það birtist helst þannig að á hverju ári eru fjölmargir nemendur ráðnir sem aðstoðarmenn kennara í tilteknunum rannsóknum eða í verkefnum á vegum Lagastofnunar eða Mannréttindastofnunar undir umsjón kennara deildarinnar svo dæmi séu tekin.

Reglulega er auglýst eftir nemendum til að vinna við aðstoðarkennslu eða rannsóknarverkefni og við val úr hópi umsækjenda er almennt miðað við að ráða þá sem bestum árangri hafa náð í námi. Aðstoðarmannsstarf felst m.a. í því að nemendur vinna við að útvega kennurum fræðilegar heimildir, leita dómafördæma úr innlendum og erlendum rétti, annast yfirlestur handrita eða jafnvel ritun hluta af texta, gerð skráa og annan frágang við útgáfu fræðibóka. Þetta þjálfar nemendur tvímælalaust í aðferðafræði við rannsóknir og akademískum vinnubrögðum.

Rannsóknakerfi innan Háskólans hvetur mjög til þess að kennarar virkji nemendur til þáttöku í rannsóknum. Þannig er venjulega skilyrði að umsókn kennara við lagadeild um styrk úr Rannsóknarsjóði Háskólans miðist við að ráða aðstoðarmenn, einkum meistarana, til að vinna að tilteknunum rannsóknarverkefnum, oftast nær í 2-3 mánuði. Nauðsynlegt er að rökstyðja slíkar umsóknir sérstaklega með upplýsingum um það hvernig vinna við rannsóknir nýtast nemanda. Er því algengt að laganemar séu ráðnir í sumarvinnu í þessu skyni undir stjórn kennara sem hlýtur styrk úr Rannsóknarsjóði Háskólans.

Að taka þátt í rannsóknum kennarara með þessum hætti dýpkar skilning nemenda á lögfræðilegum hugtökum og aðferðum. Það á t.d. við varðandi gerð skriflegrar verkefna, einkum BA-ritgerða eða meistararitgerða þar sem nemanda nýtist slík þjálfun vel.

Elsta lögfræðitímarit landsins, Úlfljótur, er gefið út af félagi laganema við Háskóla Íslands og hóf göngu sína árið 1947. Auk laganema sem annast riststjórn þess er einnig starfandi sérstök þriggja manna ritrýninefnd undir forystu fasts kennara við deildina. Úlfljótur er mikilvægur vettvangur fyrir birtingar rannsókna kennara og algengt að fræðigreinar birtar þar séu notaðar til kennslu. Jafnframt birtast þar úrvalsritgerðir nemenda.

### **7.3. Hvernig eru rannsóknaniðurstöður nýttar í kennslunni?**

Í fyrsta lagi má ítreka að nær allar íslenskar kennslubækur, bæði um grunngreinar lögfræðinnar og ýmis sérsvið hennar, hafa verið samdar af kennurum lagadeildar Háskóla Íslands. Helsta námsefni þeirra nemenda sem stunda nám við deildina bæði á grunn- og framhaldsnámsstigi er því afrakstur af rannsóknavinnu kennara þeirra við deildina og er jafnframt dýrmætt fyrir nemendur að eiga þannig beinan aðgang að höfundum námsefnis.

Pá hefur kennsla í æ meira mæli miðað að því að hvetja nemendur til þess að sækja málstofur eða ráðstefnur sem haldnar eru í lagadeild eða jafnvel öðrum deildum Háskólans þar sem kennrar kynna niðurstöður sínar í ýmsum rannsóknarverkefnum um efni sem tengjast námskeiðinu. Á hverju hausti er haldin umfangsmikil ráðstefna á vegum Félagsvísindasviðs, *Þjóðarspeglinn*, þar sem allar deildir fræðasviðsins taka þátt, og þar eiga bæði kennrar og nemendur í rannsóknarnámi framlag. Er afrakstur rannsókna sem tengjast Þjóðarspeginum gefinn út í sérstöku ritrýndu ráðstefnuriti og eru fræðiritgerðir kennara sem þar birtast oft nýttar í kennslu.

Loks má nefna að þar sem kennrar lagadeildar eru oftast fremstu sérfræðingar hér á landi hver á sínu réttarsviði eru þeir oft og tíðum fengnir til að semja umfangsmikil lagafrumvörp um helstu grunnsvið íslensks réttar. Oft kallar það á langan undirbúning og rannsóknir kennara, þar sem kennrar geta sem endranær ráðið laganema sér til aðstoðar. Lagabálkar af þessu tagi eru síðan uppistaða margra mikilvægra námskeiða, einkum í grunnnáminu. Sem dæmi má nefna að nýlega tók gildi nýr lagabálkur um meðferð sakamála nr. 88/2008 sem var saminn af professor við lagadeild á sviði réttarfars, en þau lög og ítarleg greinargerð með þeim er uppistaða námsefnis í námskeiðinu *Réttarfari II*, á vormisseri 3. árs í grunnnámi. Sem annað dæmi má nefna námskeiðið *Skaðabótarétt* á haustmisseri 2. árs þar sem skaðabótalög nr. 50/1993 eru uppistaða í námsefninu, en höfundur þeirra laga og ítarlegra skýringa með þeim er professor í skaðabótarétti við deildina.

## **8. Breidd og dýpt námsins**

### **8.1. Hvert er vægið á milli breiddar og dýptar í náminu, þ.e. milli almennra þátta og sérhæfðra þátta?**

Til þess að ná fram hámarksgæðum í íslenskri lögfræðimenntun leggur lagadeild Háskóla Íslands mikla áherslu á skipulega uppbyggingu grunnnáms og meistaranáms sem tryggir í senn að hvort námsstig fyrir sig myndi merkingarbæra heild og að námið í heild myndi samfelli og rökréttu stígandi. Með þessu móti er tryggt að námið fullnægi kröfum um dýpt og breidd. Grunnnáminu er þannig ætlað að veita traustan fræðilegan grunn á meðan framhaldsnámið veitir meiri sveigjanleika, valfrelsi um námskeið, kost á sérhæfingu, þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og þátttöku nemenda bæði í kennslu og rannsóknum. Verður nú nánar lýst helstu áherslum hvað varðar breidd og dýpt námsins, bæði í grunnnámi og framhaldsnámi.

### **8.2. BA-námið**

Í lýsingu á hæfniviðmiðum fyrir BA-nám í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands segir m.a. að markmiðið sé að veita nemendum fræðilega færni og þjálfun í lögfræði. Nemendum er ætlað að öðlast þar gagnrýnan skilning á eðli laga í félagslegu, stjórnþálagalegu og efnahagslegu samhengi og eiga þess kost að þróa með sér færni í beitingu hinnar lagalegu aðferðar þannig að þeir geti greint sérkenni hvers fræðasviðs innan lögfræði sem hluta af samtengdri heild. Nemendur öðlast skilning á stöðu íslensks réttar í evrópsku og alþjóðlegu samhengi. Þeir þróa með sér færni til að leysa með gagnrýnum hætti fræðileg álitaefni og

hagnýt vandamál auk þess að öðlast þverfaglega færni. Leitast er við að styrkja færni nemenda til að móta heildstæða röksemdafærslu og miðla henni með skýrum hætti ásamt því að íhuga, meta og bregðast við öðrum og hugsanlega andstæðum viðhorfum. Þessi markmið fela aðeins í sér þær skilgreindu lágmarkskröfur sem lagadeild gerir til námsins og þeirra nemenda sem stunda BA-nám. Það er ætlun deildarinnar að meirihluti nemenda nái frekari árangri en lágmarkskröfurnar gera ráð fyrir.

Sérkenni náms til BA-prófs í lögum við lagadeild Háskóla Íslands felst í því að þar er fjallað ítarlega annars vegar um aðferðafræði lögfræðinnar, einkum um réttarheimildir og lögskýringarfræði og hins vegar um helstu grundvallargreinar hennar, en þessar greinar eru samofnar og undirstaða annarra sérhæfðari greina. Grunnnaði er bundið að öllu leyti í stað þess að boðið sé upp á valfög. Segja má að áherslan í grunnámi sé einkum á dýpt frekar en breidd því stefnt er að því að nemendur öðlist djúpa og yfirgrípsmikla þekkingu á þessum grundvallargreinum lögfræðinnar. Það er jafnframt sá nauðsynlegi grunnur sem sérhæfing nemenda í meistaránámi byggist á. Sem dæmi um helstu grunngreinar lögfræðinnar sem lögð er mikil áhersla á, að loknu umfangsmiklu námskeiði um almenna lögfræði, þar á meðal meðal um réttarheimildafræði og lögskýringaraðferðir, eru stjórnskipunarréttur, stjórnsýsluréttur, réttarfar (bæði á svíði einkamála og sakamála), samningaráttur, kröfuréttur, skaðabótaréttur og refsréttur. Auk þess lýkur BA-náminu með ritgerð sem áður segir.

BA-nám við lagadeild Háskóla Íslands er óneitanlega þungt, einkum fyrsta árið. Laganemar þurfa að komast yfir og tileinka sér mikið námsefni sem er flestum mjög framandi í byrjun. Auk þess eru gerðar meiri kröfur þar sem lágmarkseinkunn er 6,0 í stað 5,0 eins og í öðrum deildum Háskólans og í öðrum lagadeildum íslenskra háskóla. Er brottfall af fyrsta ári laganáms talsvert mikið, vegna hinna miklu krafna sem eru gerðar. Verður nánar fjallað um brottfall nemenda, ástæður þess og viðbrögð í 11. kafla.

Í námskeiðum í grunnáminu er nemendum skipt upp í minni hópa í umræðutímum. Þar eru nemendur hvattir til að þjálfa sig í rökhusun og úrlausn raunhæfra verkefna.

Með þessari uppbyggingu BA-náms telur lagadeild að þeir sem þaðan útskrifast hafa fengið góða þjálfun til að takast á við nám í lögfræði á meistarastigi og reyndar við meistaránám í öðrum greinum félagsvísinda. Reyndin er sú að yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem lýkur BA-námi við deildina fer einnig í meistaránám.

### 8.3. Námsleiðir á meistarastigi

Hæfniviðmið fyrir mag. jur. gráðu í lögfræði miðast við að nemendur öðlist fræðilega færni og þjálfun í lögfræði og að þeim gefist kostur á að dýpka og auka þekkingu sína á ákveðnum svíðum lögfræðinnar, sem gerir þá hæfa til þess að gegna ábyrgðarstörfum í þjóðfelaginu, s.s. lykilstörfum í íslenska réttarkerfinu og vísindastörfum innan háskólasamfélagsins. Jafnframt er það markmið að nemendur öðlist fræðilegt sjálfstæði og geti á óvilhallan hátt sett fram sjálfstæðar lögfræðilegar niðurstöður á grundvelli viðurkenndra aðferða lögfræðinnar. Í því sambandi er mikilvægt að byggja á þeim grunni sem nemendur fá í BA-náminu.

Í fyrsta lagi er einkenni meistaránáms við lagadeild fjölbreytni og sveigjanleiki. Pannig er fjöldi kjörgreina sem nemendur geta valið úr að jafnaði á milli 15 og 20 námskeið á hvoru misseri námsársins. Að þessu leyti er áhersla lögð á mikla breidd í meistaránáminu. Jafnframt gefst nemendum kostur á að velja greinar sem kenndar eru í öðrum deildum Háskólans og fá þær metnar sem hluta náms eins og lýst er hér að framan. Loks er mjög algengt að nemendur taki eitt misseri meistaránámsins í skiptinámi við lagadeildir erlendra háskóla. Þá er að jafnaði boðið upp á a.m.k. fimm 6 ECTS námskeið á ensku á hverju misseri í meistaránámi. Þess námskeið sækja jafnt íslenskir nemendur í meistaránámi, nemendur í

LL.M. náminu í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti og skiptinamar. Þetta gefur meistaranáminu alþjóðlegan blæ og undirbýr einnig íslenska nemendur. Í meistaranáminu vel til að stunda frekara framhaldsnám við erlenda háskóla og að starfa á alþjóðlegum vinnumarkaði að lokinni útskrift.

Í öðru lagi er áhersla á að þjálfa nemendur í rannsóknum og rannsóknartengdum verkefnum og jafnframt í kennslu. Í námskeiðunum þurfa nemendur að skila styttri ritgerðum eða leysa úr verkefnum þar sem reynir á raunhæf álitaefni úr námsefninu. Þá eru venjulega færri nemendur í hópum á meistaranámsstigi þannig að kennslustundir eru frekar blanda af fyrirlestrum og umræðutínum, án þess að alltaf séu skörp skil á milli. Algengt er að verkefni nemenda í meistaranámi felist í því að flytja munnlegt erindi, samhliða því að skila skriflegu verkefni. Lokapunktur meistaranámsins er umfangsmikil meistararitgerð, 80-120 bls. að lengd, um efni sem nemandi velur í samráði við umsjónarkennara. Ritgerðin vegur 30 ECTS einingar og samsvarar þannig vinnu nemanda á einu misseri. Deildin hefur sett ítarlegar reglur um meistararitgerðir, form þeirra og uppsetningu, að þær skuli byggja á sjálfstæðri rannsóknarvinnu nemenda og hvað felst í leiðbeiningu umsjónarkennara. Loks skulu nemendur þreyta munnlegt próf úr efni meistararitgerðar að viðstöddum prófdómara og sé ritgerð framúrskarandi að gæðum getur umsjónarkennari lagt til að nemandi haldi opinn fyrirlestur um efni hennar. Er vísað til viðauka 11 varðandi reglur um meistararitgerðir.

Í þriðja lagi eru ýmsir möguleikar á að fá tiltekin verkefni og þjálfun í lögfræðilegum störfum metin sem einingar í meistaranáminu. Áður hefur verið lýst að lagadeild hefur sett reglur um aðstoð meistararisma við kennslu í umræðu- og verkefnatímum og við prófavinnu í BA-námi. Samkvæmt þeim er við upphaf hvers misseris auglýst eftir 2-4 aðstoðarkennurum, fyrir hvert BA-námskeið og lýst er viðmiðum um hvernig skuli velja hæfustu umsækjendur til starfsins og í hverju starfið felst. Aðstoðarkennarar starfa undir leiðsögn umsjónarkennara og geta fengið starf sitt metið til eininga í meistaranáminu. Einnig má hér nefna að meistararemar geta fengið námsvist hjá tilteknum fyrirtækjum og stofnunum metna sem hluta af meistaranáminu eða að hámarki 6 ECTS einingar. Í meistaranáminu eru þannig ýmsir kostir til að fá beina þjálfun í störfum lögmannna, dómara, eða málflutningi við alþjóðastofnanir metna sem hluta námsins. Nemendum gefst kostur á að velja námskeiðið *Hlutverk dómara og lögmannna* sem er byggt upp sem rekstur dómsmáls og einnig geta þeir tekið þátt í tveimur alþjóðlegum málflutningskeppnum, annars vegar Jessup málflutningskeppninni í þjóðarétti (The Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition), sem er haldin árlega í Washington og norrænu málflutningskeppninni um Mannréttindasáttmála Evrópu sem er skipulögð af Háskolanum í Stokkhólmi og haldin árlega í höfuðborgum Norðurlandanna. Þátttöku í báðum þessum keppnum fylgir umtalsverð verkefnavinna fyrir laganema sem spannar nokkrar vikur. Skipulag og stjórn á þátttöku í keppnum hér á landi svo og þjálfun þáttakenda hefur verið í höndum starfandi lögmannna utan deildar en fræðileg ráðgjöf er veitt af kennurum deildarinnar.

Í fjórða lagi geta nemendur sem svo kjósa, ákveðið að stefna að sérhæfingu á tilteknum sviðum lögfræðinnar með því að velja saman a.m.k. fimm tengd námskeið úr hópi kjörgreina og skrifa lokaritgerð á sama sviði. Með því getur nemandi fengið skráningu í prófskírteini um að hann hafi sérhæft sig á viðkomandi áherslusviði. Samkvæmt reglum sem lagadeild hefur sett er boðið upp á tíu áherslusvið af þessu tagi en þau eru eftirfarandi: 1) Stjórnsýsluréttur 2) Refsiréttur 3) Réttarfari 4) Umhverfis- og auðlindaréttur 5) Þjóðaréttur 6) Persónu- og hugverkaréttur 7) Evrópuréttu 8) Fjármunaréttur 9) Félagaréttur 10) Viðskipta- og skattaréttur. Sérhæfing af þessu tagi er til þess að koma til móts við sérstök áhugasvið

nemenda en jafnframt að auka mjög atvinnumöguleika að námi loknu, enda gefur hún til kynna að lögfræðingur með slíkt áherslusvið. Úr námi, sé sérlega vel hæfur til að takast á við störf á sínu sviði. Sjá nánar um þetta viðauka 8.

Loks er ljóst að námsleiðin til alþjóðlegrar LL.M. prófgráðu í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti er eðli málsins samkvæmt ætluð til sérhæfingar á því réttarsviði. Auk erlendra stúdenta sem skrá sig í námið er nokkuð um að starfandi íslenskir lögfræðingar hafi lokið LL.M. prófi til að sérhæfa sig í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti eða dýpka þekkingu sína á sviðinu. Sama má segja um þverfaglega námsleið á meistarastigi í skattarétti og reikningsskilum, sem áður hefur verið lýst.

#### 8.4. Doktorsnám

Doktorsnámið hefur eðlilega sérstöðu þegar rætt er um breidd og dýpt náms, enda felst það einkum í ítarlegri rannsókn á tilteknu viðfangsefni á réttarsviði ritgerðarefnis. Af hálfu lagadeildar hefur verið lögð rík áhersla á að skapa þá nauðsynlegu faglegu umgjörð sem rannsóknanað sem leiðir til hinnar æðstu akademísku gráðu útheimtir (sjá reglur um efnid í viðaukum 13 og 14). Rannsóknanaðsnefnd deildarinnar heldur utan um námið, umsækjandi þarf að leggja fram rannsóknaráætlun til samþykktar, og verði fallist á inntöku nemans og á rannsóknaráætlunina, er skipuð doktorsnefnd og tilnefndur leiðbeinandi með rannsókn viðkomandi doktorsnema. Doktorsnefndin skal skipuð umsjónarkennara og 1-2 sérfræðingum á fræðasviðinu. Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með því að framgangur sé í samræmi við rannsókna- og námsáætlun og að tryggja fagleg gæði rannsóknnavinnunnar. Nefndin kallar m.a. doktorsnemann til fundar á miðju námstímabilinu og prófar hann í almennri fræðilegri þekkingu og rannsóknaraðferðum eða metur nám hans á sambærilegan hátt. Þessi formlega umgjörð er til þess fallin að skapa bæði nauðsynlegan viðstuðning og aðhald fyrir doktorsnemann, sem einkum þarf að vinna sjálfstætt að rannsókninni, en jafnframt að láta í té frekara framlag í formi námskeiða og annars sem nánar er fjallað um í verklagsreglum um doktorsnám.

### 9. Markhópur

#### 9.1. Höfðar skólinn til ákveðins hóps með náminu?

Sem áður segir gilda þær almennu reglur um inntökuskilyrði í BA-nám við lagadeild að stúdent skal hafa lokið stúdentsprófi frá menntaskóla eða öðrum framhaldsskóla á Íslandi, eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Æskilegur undirbúningur fyrir nám í lagadeildinni er sérstaklega að nemandi hafi lokið stúdentsprófi af bóknámsbraut eða jafngildu námi, með áherslu á kunnáttu og færni í íslensku máli. Árlega útskrifast yfir 2.000 nemendur á Íslandi með stúdentspróf úr framhaldsskólum landsins. Námsskipulag framhaldsskóla er hins vegar breytilegt og stúdentspróf ekki samræmd. Langflestir nýnemar við lagadeild hafa útskrifast með stúdentspróf vorið eða árið áður.

Í kynningu á BA-námi sem fram fer ár hvert á vegum deildarinar og er einkum beint til framhaldsskólanema á lokaári leggur deildin áherslu á að laða að nemendur sem treysta sér í strangt og fræðilegt nám þar sem virnuálag er mikil. Bent er á mikilvægi þess að hafa góða íslenskukunnáttu og ritfærni. Deildin reynir einkum að höfða til þeirra sem vilja velja sér starfsvetvang sem lögfræðingar og ýmis ábyrgðastörf í samfélagit, einkum í réttarkerfinu, stjórkerfinu svo og í lögmannsku og öðrum lögfræðilegum störfum en einnig með þjálfun í akademískum vinnubrögðum. Lögfræði er jafnframt menntun sem kemur að góðum notum í flestum störfum og reynslan sýnir, jafnvel eftir að kreppan hófst, að mjög gott atvinnuástand er meðal lögfræðinga. Þetta leiðir til þess að aðsókn að lagadeild HÍ er mjög mikil og hefur

aukist umtalsvert undanfarin ár, jafnvel þótt námið sé kynnt sem þungt og krefjandi og alkunna sé að fallprósenta sé mjög há í námskeiðum á 1. ári grunnáms.

### 9.2. Fær skólinn þá nemendur sem hann helst vildi?

Sem áður segir er lagadeild Háskóla Íslands í þeirri aðstöðu að geta ekki valið úr hópi þeirra sem sækja um nám ef þeir uppfylla almenn skilyrði. Lítil skuldbinding felst í því að skrá sig til náms við deildina þar sem skráningargjald er lágt og margir hætta fljótt eða fara í aðrar deildir þegar þeir kynnast þeim miklu kröfum sem eru gerðar. Námskröfur á fyrsta ári leiða einnig til þess að hlutfall nemenda sem fellur er afar hátt og talsvert hærra en í öðrum deildum Háskólans. Mikið brottfall við þessar aðstæður þar sem allir eiga kost á að spreyta sig hefur að mati deildarinnar verið ákveðinn mælikvarði á nám þar sem miklar kröfur eru gerðar til nemenda. Kostir þessar fyrirkomulags er að allir stúdentar hafa jafna möguleika á að hefja nám. Gallarnir eru hins vegar þeir að gæði kennslu á fyrsta ári í grunnnámi verða minni þar sem hópar eru mjög stórir í byrjun sem dregur úr möguleikum á gagnvirkni í kennslu. Vegna mikillar fjölgunar síðustu ár og þrátt fyrir brottfall á fyrsta ári eru nú allir árgangar bæði í grunnnámi og meistaránámi orðnir mjög fjölmennir og stefnir í að yfir 100 nemendur útskrifist með meistarapróf á árinu 2010 (árið 2009 voru þeir 81).

Þar sem aðsókn að deildinni var meiri en nokkru sinni fyrr haustið 2009 hefur verið hugað að þörf á að stýra inntöku nemenda í deildina með markvissum hætti, hugsanlega með inntökuprófum eða sérstökum stuttum inngangsnámskeiðum. Um þessar mundir hefur deildin til skoðunar hvernig eigi að bregðast við og er vísað til nánari umfjöllunar um það í 14. kafla.

### 9.3. Um markhóp í meistaránám og inntökuskilyrði

Aðstæður sem lýst var að framan varðandi markhóp í BA-námi lagadeilda eiga ekki við um námsleiðir deildarinnar á meistaránámsstigi. Nær allir sem ljúka BA-prófi við deildina halda áfram til meistaránáms, enda veita BA- og mag.jur. gráðurnar saman flest þau starfsréttindi sem miðað er við að lögfræðingar hafi. Við inntöku nemenda í mag. jur nám setur lagadeild óundanþæga kröfu um að stúdent hafi lokið BA-prófi fá lagadeild Háskóla Íslands eða *sambærilegu prófi frá öðrum háskóla*.

Pegar þrjár nýjar lagadeildir töku til starfa á Íslandi árin 2001-2003 var engin stefna eða viðmið mótuð af hálfu menntamálayfirvalda í landinu um hvert skyldi vera inntak pröfgráða í lögfræði. Þannig eru ekki til nein föst viðmið eða staðlar um samræmt lágmarks inntak BA-náms við þá háskóla sem fengið hafa viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til þess að útskrifa lögfræðinga. Lagadeild hélt sínum námskröfum óbreyttum en stóð frammi fyrir því í fyrsta skipti sumarið 2007 að taka við umsóknum frá nemendum með BA-próf lögfræði frá lagadeildum Háskólans í Reykjavík (HR) og Háskólans á Bifröst (HB). Til að slá ekki af þeim kröfum sem gerðar hafa verið til að unnt sé að hefja meistaránám við lagadeildi HÍ var matsnefnd þriggja kennara við deildina falið að bera saman BA nám lagadeilda skólans við lagadeild HR annars vegar og lagadeild HB hinsvegar til að meta hvort prófið gæti talist sambærilegt. Í ljós kom að uppbygging námsins var með mjög ólíkum hætti hjá öllum skólunum. Niðurstaðan varð því að þessir umsækjendur hefðu ekki þá lágmarkskunnáttu sem nauðsynleg væri til að geta hafið meistaránám einkum í ljósi námsmagns og kennslustundafjölda við aðrar deildir, auk þess sem sumar mikilvægar grunngreinar eru ekki kerndar BA-námi annarra lagadeilda. Umsækjandi með BA-próf frá öðrum lagadeildum getur því aðeins hafið mag. jur. nám við lagadeild Háskóla Íslands ef hann lýkur fyrst nokkrum námskeiðum á BA-stigi í deildinni.

Af þessum sökum er ljóst að nám við lagadeildir í íslenskum háskólum er að gildandi lögum ekki samhæft með þeim hætti að gert sé ráð fyrir því að nemendur eigi greiða leið á milli skóla í námi sínu í lögfræði. Á meðan svo er hefur lagadeild Háskóla Íslands lagt mikla áherslu á að þeir sem útskrifast með mag.jur. gráðu frá deildinni hafi þann bakgrunn í grunnámi sem deildin telur nauðsynlegan.

## 10. Umfang og nýting

### 10.1. Nemendafjöldi og þróun í aðsókn að lagadeild HÍ undanfarin ár

Því var áður lýst að nemendur við lagadeild Háskóla Íslands eru nú fleiri en nokkru sinni fyrr eða 847. Þegar skoðaðar eru tölur um fjölgun nýnema við deildina undanfarin ár sést að hún hefur verið talsverð frá árinu 2004. Nýnemum fjöldaði um 70% frá þeim tíma til 2009 en urðu þá fleiri en nokkru sinni fyrr eða 351. Á tímabilinu 1999 og 2004 voru nokkrar sveiflur í fjölda með hámarki haustin 2000, 2002 og 2003 með um 250 nýnemum en þeim fækkaði aftur 2004 og voru þá álíka margir og haustið 1999 eða rúmlega 200 nemendur.

Þróun í aðsókn nýnema í deildina 1999 – 2009\*

1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
209	247	202	257	250	206	190	209	192	293	351

\* Með nýnemum er átt við nemendur á 1. ári kandidatsnáms fram til 2003 en á 1. ári BA-náms eftir það.

Af þessu sést að þrátt fyrir að þrjár nýjar lagadeildir hafi tekið til starfa á landinu á árunum 2001-2003 virðist það ekki hafa haft nein merkjanleg áhrif á þróun aðsóknar að lagadeild Háskóla Íslands. Ekki eru einhlítar skýringar á þessu. Líta þarf til þess að nemendum á háskólastigi á Íslandi hefur á heildina litið fjöldað hratt og mikið á síðasta áratug samhliða fjölgun háskóla í landinu. Samkeppni á milli háskóla um að bjóða upp á laganám hefur auk þess leitt til þess að markaðssetning á náminu, sem var óþekkt fyrir 2002 hefur aukist mjög vegna samkeppni um nemendur. Auk þess virðist sú skoðun útbreidd að laganám sé haldgott nám sem nýtist vel og sé líklegt til að leiða til atvinnutækifæra án tillits til efnahagsaðstæðna í samfélaginu. Lagadeild Háskóla Íslands hefur litið á mikla aðsókn sem staðfestingu á því trausti sem boríð er til deildarinnar. Það hefur einnig vakið deildina til umhugsunar um þörf á að stýra inntöku nemenda með markvissum hætti sem áður segir. Með því myndi draga úr brottfalli nemenda og það myndi bæta gæði kennslunnar á 1. ári. Í samræmi við fjölgun nýnema hefur nemendum við deildina fjöldað umtalsvert, frá því að vera tæplega 550 haustið 2004 í tæplega 850, eða yfir 50% eins og sjá má á meðfylgjandi töflu.

Fjöldi nemenda við nám í lagadeild haustin 2004-2009	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Grunnnám – BA nám	410	443	498	451	545	660
Cand.jur *	131	85	32	11		
Mag. jur		22	96	167	196	176
LL.M	6	5	9	7	9	6
Ph.D.		1	4	4	4	5
Framhaldsnám samanlagt	137	113	141	189	209	187
Alls	547	556	639	640	754	847

\* Kandidatspróf (5 ára nám) var lagt niður 2003 og við tók 3 ára BA-nám og 2 ára mag. jur. nám.

Sem áður segir halda nær allir laganemar sem ljúka BA-námi áfram í meistaranám við deildina, enda leiða þessar prófgráður samanlagt til menntunar sem er sambærileg hinu eldra kandidatsprófi, sem stundum er einnig kallað fullnaðarpróf í lögfræði. Í atvinnuauglýsingum um lögfræðistörf, t.d. þegar um ræðir ráðningu í störf embættismanna eða í störf hjá lögmannsstofum er nær alltaf krafist beggja prófgráðanna og er það jafnframt lögbundið skilyrði fyrir skipun í embætti dómarar, sýslumanna og annarra æðstu embættismanna ríkisins. Þá er ekki hægt að gangast undir próf til að fá héraðsdómslögmannsréttindi nema hafa lokið kandidatsprófi eða báðum nýrri prófgráðunum. Hér á eftir fara tölur um útskrifaða nemendur í BA námi, meistaranámi og doktorsnámi undanfarin 6 ár.

Brautskráðir nemendur 2004-2008	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Grunnnám – BA nám		23	62	93	84	66
Cand.jur	31	45	48	24	6	3
Mag. jur				21	48	73
LL.M	1	3	2	2		5
Dr. juris/ Ph.D.		1				1
Framhaldsnám samanlagt	32	49	50	47	54	82
Alls	32	72	112	140	138	148

## 10.2. Við hversu stóra nemendahópa miðast skipulag námsins?

Kennsla í BA-námi fer fram í einu lagi gagnvart öllum sem skráðir eru í hvert námskeið. Eru nemendahópar sem sitja í fyrilestrum á 1. ári afar fjölmennir, einkum fyrstu vikurnar, en haustið 2009 hófu um 350 nemendur BA-nám. Eftir fyrstu vikurnar og að afloknu prófi í *Inngangi að lögfræði* í byrjun október fækkar yfirleitt nokkuð í hópnum. Lagadeild hefur ekki haft tök á því vegna þróngrar fjárhagsstöðu að kenna hópi nýnema í tveimur eða fleiri umferðum. Hins vegar hefur nemendahóprum í hverju námskeiði verið skipt 4-6 minni hópa í umræðutímum eins og áður hefur verið lýst, eftir að prófi er lokið í námskeiðinu *Inngangi i lögfræði*. Þá tekur við kennsla í námskeiðinu *Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu og Heimspekkilegum forspjallsvísindum* sem stendur út haustönnina með prófum í desember. Vegna mikillar fjölgunar nýnema eru hópar í umræðutímum á haustönn 1. námsárs einnig orðnir stærri en æskilegt er eða á bilinu 40-60 nemendur. Kjörstærð hóps í umræðutímum er að mati deildarinnar um 30 nemendur.

Eins og áður hefur komið fram er umtalsvert fall í námskeiðum á fyrsta ári í lögfræði og þá einkum í námskeiðinu *Almenn lögfræði og ágrip af réttarsögu* sem kennt er á haustönn með prófi í desember. Um er að ræða mjög umfangsmikið og fjölbætt námskeið sem er metið til 18 ECTS og undanfarin ár hefur fall verið á bilinu 60-78%. Upptöku- og sjúkrapróf í almennri lögfræði eru haldin að vori en fallprósenta er þá yfirlieitt aðeins lægri. Í viðauka 16 sjást tölur síðustu 6 ára þar sem fallprósenta kemur fram og hversu margir komast áfram að loknu bæði prófi í desember og upptöku- og sjúkraprófi að vori. Eins og áður sagði skýrist hátt fall í þessu námskeiði einkum af þeim miklu kröfum sem eru gerðar til nemenda og hér skiptir einnig miklu máli að deildin velur ekki inn nemendur með inntökuprófum eða öðrum hætti. Í desember 2009 tóku fleiri prófið en nokkru sinni fyrr eða 266 nemendur og

var fallprósenta með hæsta móti eða 78,2%. Í viðauka 17 er yfirlit yfir meðaleinkunnir í prófum allra námskeiða síðastliðin fjögur skólaár en af því sést að meðaleinkunn hækkar mjög í meistaránáminu og fátítt er að nemendur falli þar á prófum.

Það er skilyrði fyrir skráningu í námskeið á öðru ári að nemandi hafi staðist próf í námskeiðunum *Inngangur að lögfræði* og *Almenn lögfræði*. Eftir að einkunn á prófi í almennri lögfræði liggur fyrir í janúar fækkar nemendum venjulega nokkuð á vorönn 1. árs, og vorið 2010 er áætlað að nemendahópurinn verði um 200 nemendur. Á 2. ári í BA-náminu hefur nemendahópurinn venjulega náð þeiri stærð sem helst nokkuð svipuð út námið, og mjög dregur úr brottfalli nemenda. Haustið 2009 hófu um 130 nemendur nám á 2. ári, og um 100 nemendur á 3. ári en ætla má að þeir verði eitthvað fleiri haustið 2010 vegna stærri hóps nýnema undanfarin ár.

Í námsleiðum á meistarastigi er talsvert önnur aðstaða varðandi stærð nemendahópa enda er námið að öllu leyti byggt upp af kjörgreinum og hátt í 20 námskeið í boði á hverri önn. Fjöldi nemenda í námskeiðum í meistaránámi er því almennt á bilinu 30-40 nemendur. Í vinsælustu kjörgreinum, svo sem skattarétti, samkeppnisrétti, fullnusturéttarfari og skuldaskilarétti hefur fjöldinn farið upp í 80-100 nemendur á síðustu árum. Til að bregðast við því eru þessi námskeið nú kennd ár hvert en meginreglan er annars að meistaránámskeið séu kennd annað hvert ár.

Almennt er ekki sett skilyrði um hámarksfjölda nemenda í námskeiðum, en nokkrar undantekningar eru frá því þar sem skipulag námskeiða miðast í sumum tilvikum við minni hópa, einkum þar sem reynir á málflutningsæfingar nemenda. Þannig er hámarkfjöldi nemenda í námskeiðinu *Hlutverk dómarar og lögmanna við meðferð einkamála* 36 nemendur. Þar er nemendum skipt í þrjá 12 manna hópa, sóknaraðila, varnaraðila og dómarar og miðast námskeiðið við að setja upp dómsmál með raunhæfu verkefni, semja greinargerðir, flytja mál og semja dóma. Eins er hámark á þeim fjölda nemenda sem geta tekið þátt í málflutningskeppnum. Mest 8 nemendur geta skráð sig til þátttöku í *Norrænu málflutningskeppninni* um Mannréttindasáttmála Evrópu sem haldin er júní ár hvert í einhverri höfuðborg Norðurlandanna og 6 nemendur geta tekið þátt í *Alþjóðlegu Jessup málflutningskeppninni* um þjóðarétt sem fer fram á hverju vori í Washington. Nánari upplýsingar um fjölda nemenda í námskeiðum bæði BA-og meistaránámskeiða má sjá í viðauka 18 og er þar vormisseri 2010 tekið út í dæmaskyni.

Eins og sést af þessu eru námskeið sem deildin býður upp á mjög vel nýtt. Helstu veikleikarnir eru að sum námskeiðin eru of fjölmenn, einnig fjölmennustu námskeiðin á meistarastigi, til þess að unnt sé ná fram bestu mögulegu gæðum í kennslu og gagnvirkum kennsluháttum. Þá stefnir í talsverða fjölgun nemenda á meistarastigi vegna stórra árganga í grunnáminu. Af rekstrarlegum ástæðum hefur ekki verið kleift að fjölgja valnámskeiðum. Þá hefur verið sett skilyrði um að a.m.k. 20 nemendur þurfi að skrá sig á meistaránámskeið til þess að það verði kennt, enda er það forsenda fyrir því að námskeið standi undir kostnaði.

### 10.3. Fjárveitingar til deildar og meðalkostnaður á nemanda

Framlög ríkisins til kennslu í háskólum á Íslandi eru þau sömu til ríkisskóla og einkarekinna skóla. Fjárhæð þeirra er reiknuð út í sérstöku reiknilíkani mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir háskóla sem byggir á þeiri forsendu að tiltekinn kostnaður liggi að baki hverjum nemanda í mismunandi greinum. Greitt er fyrir hvern nemanda sem þreytir próf upp upp að tilteknunum hámarksfjölda nemenda. Reiknilíkanið byggir á skiptingu í 7 reikniflokka þar sem mismunandi háar greiðslur eru fyrir nemenda

eftir því á hvaða sviði er kennt. Félags- og hugvísindi hafa frá upphafi verið í lægsta reikniflokki en raunvísindi og heilbrigðisvísindi í hæsta reikniflokki.

Allt að fimmfaldur munur er á framlögum í lægsta og hæsta flokki. Í lægsta flokki eru reiknaðar 477 þús. kr. fyrir hvern virkan nemanda (þ.e. þann sem lýkur 60 ECTS einingum á ári) á meðan 2.489 þús. kr. eru reiknaðar með hverjum virkum nemanda í tannlæknisfræði, sem er í hæsta reikniflokki. Frá þessum tölum er dreginn hluti af skrásetningargjaldi nemenda og reiknuð húsaleiga af eigin húsnaði skólans. Af þessu sést að líkanið er lagadeild afar óhagstætt. Þessi flokkun byggir á gömlum viðhorfum um ólíkt eðli og ólíkan kostnað við kennslu eftir fræðasviðum. Að mati lagadeilda er þessi flokkun að mörgu leyti úrelt enda tekur hún ekki mið af breyttum kennsluháttum. Lengi hefur verið rætt um að endurskoða reiknilíkanið en það hefur ekki náð fram að ganga. Á sama tíma er ljóst að vegna niðurskurðar á árinu 2010 fær Háskóli Íslands ekki greidd full framlög með hverjum nemanda.

Lagadeild var lengst af sniðinn mjög þróngur stakkur vegna lágra fjárveitinga bæði vegna stöðu í reikniflokki en einnig vegna annarra þátta í innra skipulagi Háskóla Íslands. Á síðustu tveimur árum hefur fjárhagur deildarinnar þó vænkast talsvert, og skýrist það einkum af þremur þáttum. *Í fyrsta lagi*, var breytt innra skipulagi Háskólaus um útdelingu fjár til deilda, eða svokölluðu deililíkani, sem hafði um árabil leitt til skerta fjárveitinga til lagadeilda. *Í öðru lagi* hefur mikil fjölgun nemenda skilað inn mikilli hækkun í kennslufjárveitingum. *Í þriðja lagi* hafa rannsóknarfjárveitingar til deildarinnar hækkað umtalsvert, bæði vegna fjölgunar útskrifta meistarana, aukinna styrkja og aukinna rannsóknarfaka starfsmanna deildarinnar. Í viðauka 19, má sjá töflu yfir þróun fjárveitinga til deildarinnar og rekstrarkostnað á tímabilinu 2004-2008, en endanlegar tölur fyrir árið 2009 liggja ekki fyrir þegar þetta er ritað. Þar má sjá sundurliðaðar tölur fyrir kostnað deilda vegna kennslu annars vegar og rannsókna hinsvegar, en einnig *heildarkostnað*, þar sem reiknaður er með sameiginlegur kostnaður við rekstur Háskólaus, skiptur niður á deildir.

Fjárveiting til kennslu í lagadeild byggir á fjölda virkra nemenda sem áður segir. Hefur hlutfall virkra nemenda verið fremur hátt í deildinni miðað við aðrar deildir Háskólaus en hér sést hlutfall virkra nemenda af heildarfölda skráðra nemenda.

	2004	2005	2006	2007	2008
Fjöldi skráðra nemenda	547	556	639	640	754
Fjöldi virkra nemenda	367	417	432	442	533
Virkni nemenda %	67%	75%	68%	69%	71%

Ef þessum fjölda skráðra nemenda er deilt í kennslufjárveitingu til deildarinnar árið kemur í ljós hver er kostnaður deildarinnar pr. nemanda árin 2004-2008. Er hér bæði litið til kennslufjárveitingar til deilda eingöngu og heildarkennslukostnaðar, þ.e. að meðtöldum sameiginlegum kostnaði Háskólaus vegna kennslu.

Meðalkostnaður á skráðan nemanda	2004	2005	2006	2007	2008
Kennslukostnaður deilda á nemanda þús.kr.	135	154	141	195	184
Heildakennslukostnaður á nemanda þús.kr	187	211	194	273	249

Af þessu sést að árlegur meðalkostnaður vegna kennslu á nemanda í lagadeild er afar lágor eða um 249 þús. á árinu 2008 og er hann með því lægsta sem þekkist í deildum Háskólans. Meðaltal fyrir hvern skráðan nemanda í skólanum árið 2008 var 295 þús. kr. Árið 2008 var kostnaður á hvern *virkun* nemanda í lagadeild 352 þús. kr. en meðaltal yfir háskólann allan var 381 þús. kr. Hvað lagadeildina varðar þá koma þar saman stærðarhagkvæmi, þar sem deildin er meðal fjölmennstu deilda Háskólans með mjög fjölmennum námskeiðum í grunnnáminu, og sú staðreynd að fjárveitingar til kennslu í lögfræði eru í lægsta reikniflokki í reiknilíkani mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

## 11. Alþjóðlegur samanburður

### 11.1. Á námið sér fyrirmynnd eða samsvörun í erlendum háskólum?

Í stefnu Háskóla Íslands eru tilgreindir 8 erlendir háskólar sem skólinn vill bera sig saman við og eru sambærilegir að stærð og rekstrarformi og í hópi 100 bestu háskóla heims. Þetta eru háskólnir í Kaupmannahöfn, Helsinki, Lundi, Uppsöldum, Tromsø, Bergen, Aberdeen og í Boston. Lagadeild Háskóla Íslands hefur frá upphafi einkum sótt fyrirmynnd til og boríð sig saman við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla, t.d. varðandi áherslur í uppbyggingu náms á fyrstu árunum, á aðferðafræði lögfræðinnar og djúpa yfirferð um helstu grundvallargreinar hennar á fyrstu árum grunnnámsins.

Einnig hefur lagadeild litið til Kaupmannahafnarháskóla við skipulag og setningu reglna um doktorsnámið. Þá hefur LL.M. námsleiðin sem boðið er upp á tekið mið af alþjóðlegum gráðum af sama toga þar sem þær eru í boði við norræna háskóla t.d. í Oslo en sambærilegar alþjóðlegar námsgráður í lögfræði er einnig að finna við marga aðra evrópska háskóla.

### 11.2. Býður skólinn upp á alþjóðlega samkeppnishæfar námsaðstæður?

#### 11.2.1. Samsetning og menntun kennara

Sem áður segir eru fastráðir kennrarar við lagadeild nú 23 talsins, þar af eru 14 kennrarar í fullu starfi (7 prófessorar, 2 dósentar og 5 lektorar), en tveir prófessorar voru reyndar í launalausu leyfi árið 2009. Auk þess starfa 9 kennrarar í hlutastörfum á bilinu 20-50% starfshlutfalli (1 prófessor, 3 dósentar og 5 lektorar). Á árinu 2009 voru starfsígildi kennara, þ.e. þegar lögð eru saman full störf og hlutastörf, alls 17,28.

Í kafla 3.4. var lýst þeim ströngu kröfum sem gerðar eru til ráðningar kennrarar við deildina og það ferli sem ráðningin fer eftir. Kennrarar lagadeildar í fullu starfi við deildina hafa allir verið ráðir að undangenginni opinberri auglýsingu og allir kennrarar hafa verið metnir hæfir samkvæmt álti faglegrar og óháðrar dómnefndar áður en þeir voru ráðir til starfsins. Nær allir kennrarar í fullu starfi hafa stundað framhaldsnám að loknu kandidatsprófi til frekari sérhæfingar á sínu fræðasviði við virta erlenda háskóla, einkum á Norðurlöndunum, í Íþýskalandi, Bretlandi og Bandaríkjunum. Af þeim 14 kennurum sem eru í fullu starfi við deildina hafa 3 lokið doktorsprófi. Yngri kennrarar hafa venjulega lokið framhaldsnámi erlendis með LL.M gráðu en slík gráða var hins vegar almennt ekki í boði við evrópska háskóla fyrr en eftir 1990. Um menntun kennara, skóla þar sem þeir stunduðu framhaldsnám og starfsreynslu má sjá yfirlit í viðauka 20.

Prófessorar við lagadeild hafa allir stundað framhaldsmenntun og rannsóknarnám að loknu kandídatsnámi við erlenda háskóla og flestir hafa einnig hlotið áralanga reynslu í lögfræðilegum störfum sínum og ábyrgðarstöðum, einkum sem hæstaréttarlögmann, dómarar eða yfirmenn í stjórnsýslunni. Deildin hefur lagt áherslu á að fá til starfa vísindamenn í fremstu röð svo og kennara sem hafa auk ferils í rannsóknum og kennslu, öðlast virðingu og gott orðspor af lögfræðilegum starfsferli sínum sem nýtist til að kenna

laganemum að leysa úr raunhæfum álitamálum sem upp koma. Þá er algengt að æðstu embættismenn í dómskerfinu, s.s hæstaréttardómarar hafi komið úr röðum prófessora við lagadeild. Á árinu 2009 voru tveir prófessorar í launalausum leyfi þar sem annar var settur hæstaréttardómari og hinn var settur umboðsmaður Alþingis. Í dómnefndarálitum háskólans um prófessora lagadeildar sem ekki hafa doktorspróf hefur niðurstaðan verið að sú mikilvæga þekking og reynsla sem þeir hafa öðlast í störfum sínum, auk rannsóknarafkasta, gæða rannsókna og kennslureynslu, sé metin sem jafngild þekking og reynsla og doktorspróf sem nýtist nemendum deildarinnar mjög vel. Aðeins á síðasta áratug hefur færst í vöxt að á Íslandi að lögfræðingar fari í doktorsnám að loknu meistaraprófi og er því þróun í þá átt að fjölga doktorum. Á síðustu þremur árum hafa tveir doktorsmenntaðir kennarar verið ráðnir til deildarinnar og einn doktor hefur látið af störfum er hann tók við störfum í Hæstarétti Íslands árið 2007. Þá eru þrír kennarar deildarinnar í doktorsnámi samhliða starfi sínu og einnig einn sérfræðingur sem starfar í fullu starfi hjá Lagastofnun við rannsóknir í auðlindarétti og fiskveiðistjórnun. Mun þetta vafalítið skila sér í auknum fjölda doktorsmenntaðra kennara við lagadeild á næstu árum.

Við val á stundakennurum kappkostar lagadeild að ráða aðeins þá sem lokið hafa LL.M gráðu eða öðru framhaldsnám við erlenda háskóla, auk þess að hafa reynslu af sérhæfðum störfum t.d. við lögmennsku, dómstóla, stjórnsýslu eða í fjármálakerfinu, sem þeir miðla af í kennslunni.

Í alþjólega LL.M náminu við deildina er kennt að öllu leyti á ensku, bæði íslenskum og erlendum nemendum og hefur námið á sér alþjóðlegan blæ auk þess sem algengt er að kennarar frá erlendum háskólum kenni hluta námskeiðs á meistarastigi. Erlendir gestaprófessorar hafa verið ráðnir við deildina til að kenna á tilteknunum námskeiðum. Sem dæmi má nefna að meðal kennara í námskeiðum um Evrópurétt á meistarastigi er forseti EFTA-dómstólsins sem er jafnframt virkur fræðimaður á sviði Evrópuréttar og hefur kennt við háskóla bæði í Evrópu og Bandaríkjum. Einnig koma gestaprófessorar og virtir fræðimenn frá háskólunum í Árósum og Kaupmannhöfn, og kenna refsirétt og heimspeki við deildina.

Af þessu sést að mikil breidd er í samsetningu kennara við lagadeild og bakgrunni þeirra, bæði hvað varðar akademískan bakgrunn og hagnýta reynslu. Það eykur fjölbreytni í kennsluháttum og nálgun á kennsluefnið og eykur mjög faglegan styrk deildarinnar. Kennarar lagadeildar eru einkar færir til að kenna nemendum íslenska lögfræði bæði fræðilega og raunhæfa. Þeir miðla því bæði af reynslu sinni í krefjandi störfum lögmannna og dómara en á sama tíma er lögð rækt við fræðilegar undirstöður og nemendur þjálfaðir í akademískum vinnubrögðum.

### 11.2.2. Aðgengi nemenda að kennurum

Nemendur hafa almennt mjög gott aðgengi að kennurum deildarinnar. Samskipti kennara og nemenda fara í auknum mæli fram með tölvupósti og beira nemendur óhikað spurningum til kennara sinna eða leita upplýsinga. Að auki birta sumir kennarar ýmsar gagnlegar upplýsingar á vefsíðum sínum, t.d. tilvísanir til rafrænna gagnabanka eða tengingar við þá, svör við endurteknun spurningum og leiðbeiningar um prófundirbúning, svo eithvað sé nefnt. Hins vegar er ekki boðið upp á eiginlegt fjarnám við deildina.

Upplýsingkerfi Háskólans, UGLA, er innra net fyrir starfsmenn og nemendur við Háskóla Íslands. Kerfið er afar fullkomið og í stöðugri framþróun og má fullyrða að það standist fullkomlega samanburð við upplýsingakerfi þeirra erlendu skóla sem deildin ber sig saman við. Sérhver nemandi og kennari hefur persónulegt aðgangsnúmer að

upplýsingakerfi háskólans, það sem koma bæði fram almennar upplýsingar auk sérstaks aðgangs að þeim upplýsingum sem að honum lúta. Upphafssíðan sem notandi fær eftir að hafa skráð sig inn er nokkurs konar gátt, þar sem hægt er að láta honum í té þær upplýsingar sem hann varðar, svo sem þau námskeið sem hann er skráður í. Þannig er unnt að koma á framfæri við hann fréttum, tilkynningum og öðrum upplýsingum. Allir notendur hafa dagatal, þar sem forskráðir eru ýmsir viðburðir sem þá varða. Með kerfinu geta þeir einnig nálgast rafþóst, símaskrá samnemenda o.fl. Hver notandi hefur sitt eigið heimasvæði, þar sem hann getur vistað ýmis gögn. Nemandi getur fengið upplýsingar um námsferil sinn og hvernig hann stendur sig í samanburði við aðra nemendur með því að tengjast kerfinu. Hvert námskeið í deildinni hefur sína eigin heimasíðu í kerfinu og nemendur hafa eingöngu aðgang að námskeiðum sem þeir eru skráðir í. Yfirleitt fer öll upplýsingamiðlun og gagnadreifing kennara til nemenda fram í gegnum heimasvæði námskeiðsins á UGLU og þaðan geta kennarar sent tölvupósta á alla skráða nemendur, svo sem tilkynningar um efni sem sett er á netið eða aðrar upplýsingar um skipulag kennslu. Allar einkunnir í verkefnum og prófum eru skráðar inn á heimasvæði námskeiðsins um leið og þær liggja fyrir og getur hver nemandi aðeins séð sína einkunn, en þó jafnframt heildartölfræði um dreifingu einkunna. Enn fremur gegnir innra netið lykilhlutverki í gæðakerfi Háskólans. Þar fara t.d. fram kennslukannanir sem nánar verður fjallað um á eftir.

Um aðgang nemenda að kennurum að öðru leyti má nefna að allir kennarar deildarinnar í fullu starfi hafa skrifstofur sínar í Lögbergi sem er einnig helsti vinnustaður nemenda. Eru samskipti nemenda og kennara óformleg. Sumir kennarar hafa fasta viðtalstíma en annars er nemendum auðvelt að nálgast kennara með því að óska eftir viðtali. Í sumum atriðum er sérstaklega kappkostað að tryggja góðan aðgang nemenda að kennurum, einkum í tengslum við leiðsögn við gerð meistararitgerða varðandi reglulega fundi þeirra. Er vísað til reglna um meistararitgerðir í viðauka 11.

#### 11.2.3. Hlutfall kennara og nemenda

Kennurum við deildina hefur fjöldað nokkuð á síðustu árum, en þó einkum kennurum í hlutastörfum. Þrátt fyrir það hefur ekki náðst að lækka hlutfall nemenda pr. hvern kennara vegna fjölgunar nemenda, einkum á síðustu þremur árum. Er lagadeild nú meðal þeirra deilda Háskólans þar sem flestir nemendur eru á hvern kennara. Hér á eftir sést hvernig starfsígildum kennara við lagadeild hefur verið háttáð í samanburði við fjölda nemenda

Ár	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Kennarar/nemendur	11,8/ 547	12,59/ 556	12,68/ 639	15,58/ 640	15,88/ 754	17,28/ 847
Hlutfall nemenda og kennara	1:46	1:44	1:50	1:40	1:47	1:49

Með batnandi fjárveitingum samfara fjölgun nemenda stefnir deildin að því að ráða tvo nýja kennara á þessu og næsta ári.

#### 11.2.4. Aðstaða og stoðþjónusta fyrir nemendur

Á síðustu árum hefur lagadeild lagt áherslu á að bæta kennslustofur og tæknibúnað, lesaðstöðu, félagsaðstöðu nemenda og aðgang að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum. Aðstaða fyrir laganema hefur gerbreyst á síðustu tveimur árum og skipti þar sköpum að nýtt kennsluhúsnaði með stórum kennslusölum var tekið í notkun í Háskólatorgi 1. desember

2007. Nú fer kennsla á 2. ári að öllu leyti fram í rúmgóðum og vel búnum kennslustofum í Háskólatorgi og að nokkru leyti kennsla á 1. ári, en kennsla fyrir stærstu hópana á 1. ári fer fram í Háskólabíói og Stakkahlíð í mjög vel búnum kennslusöllum þar sem aðstaða er góð. Þá eru ný tölvuver og lesrými fyrir nemendur í Háskólatorgi og Gimli. Í Lögbergi hafa allar kennslustofur verið endurnýjaðar með nýjum sætum og tölvutengingum, bókasafnið hefur verið stækkað og árið 2007 var Lögbergsdómur tekinn í notkun, sem er sérhannaður dómsalur í Lögbergi og notaður til að þjálfa laganema í málflutningi. Þrátt fyrir mikla fjölgun nemenda frá árinu 2006 hefur aðstaða laganema í kennslu og námi tekið stórfelldum framförum.

Deildin býður doktorsnemum upp á góða vinnuaðstöðu fyrir allt að fjóra nemendur í stóru aflokuðu skrifstofuherbergi í Lögbergi. Þar eru hafa doktorsnemar gott næði til vinnu og eru jafnframt á sömu hað og bókasafn lagadeildar. Auk þess stendur þeim til boða ný sameiginleg aðstaða fyrir doktorsnema allra deilda félagsvísindasviðs í nýbyggingunni Gimli sem er tengd Lögbergi.

Í Gimli er rekið upplýsinga- og þjónustuborð Félagsvísindasviðs. Við þjónustuborðið starfa 3 starfsmenn í 2,6 stöðugildum. Þar fá nemendur svör við almennum fyrirspurnum sem varða nám við sviðið. Jafnframt fer þar fram öll umsýsla verkefna, skil til kennara og afhending til nemenda. Auk þess eru pósthólf kennara og annarra starfsmanna þar og sér starfsfólk þar um almenna ljósritun, skönnun o.fl. fyrir kennara. Með byggingu Háskólatorgs var öll þjónusta við nemendur flutt á torgið. Þar er að finna Alþjóðaskrifstofu, Nemendaskrá, Náms- og starfsráðgjöf, Notendajónustu Reiknistofnunar Háskólangs, Félagsstofnun stúdenta (Veitingasöluna Hámu, Bóksölu stúdenta), Stúdentaráð Háskóla Íslands og Þjónustuborð fyrir allar þessar þjónustustofnanir.

Hvað stoðþjónustu varðar í tengslum við framvindu náms veita kennrarar leiðbeiningar um námsaðferðir og æskileg vinnubrögð, m.a. við undirbúning fyrir próf og svara einnig beint til nemenda fyrirspurnum þar um. Einnig veita mikilvæga þjónustu, deildarstjóri og tveir starfsmenn á skrifstofu lagadeildar, sem svara margvíslegum fyrirspurnum nemenda sem lúta að skipulagi náms, skráningu í námskeið o.fl. Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands veitir nemendum Háskólangs margs konar stuðning og þjónustu meðan á námi stendur, svo sem ráðgjöf um námsval og vinnubrögð og úrræði vegna fötlunar og sérþarfa. Þeir sem hyggja á nám við Háskóla Íslands geta einnig fengið ráðgjöf vegna námsvals. Daglega eru opnir viðtalstímar þar sem nemendur Hí fá upplýsingar og ráðgjöf.

Lagadeild hefur þó lagt áherslu á að laganám sé sjálfsnám, sem nemendur bera sjálfir ábyrgð á. Nemendur geta þar með ekki treyst því að kennrarar, námsráðgjafar eða aðrir gangi að eigin frumkvæði úr skugga um að nám þeirra og vinnubrögð séu með eðlilegum hætti. Þótt ýmiss konar hópvinna undir umsjón kennara og aðstoðarkennara sé algengari en áður, er lögð rækt við að þjálfa nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum, þannig að þeir geti sinnt verkefnum einir og óstuddir þegar þeir útskrifast sem lögfræðingar. Það er meðvituð stefna deildarinnar að nemendur séu í ríkum mæli látnir taka ábyrgð á námi sínu, en geti leitað sér aðstoðar og leiðbeininga hjá kennurum og öðru starfsfólk, ef þeir sjá ástæðu til.

*Orator, félag laganema* hefur félagsaðstöðu í Lögbergi. Félagið sinnir hagsmunum nemenda, stendur fyrir öflugu félagslífi í deildinni og veitir nemendum ýmsa þjónustu. Stúdentaráð er málsvari allra háskólastúdenta og fer með þau mál er varða hagsmuni þeirra gagnvart háskólayfirvöldum, stjórnvöldum og öðrum þeim sem áhrif hafa á stefnu Háskólangs. Á skrifstofu Stúdentaráðs er starfrækt Rettindaskrifstofa stúdenta sem rekur erindi fyrir þá stúdenta sem telja sig órétti beitta innan háskólasamfélagsins. Hjá

Stúdentaráði geta nemendur fengið Stúdentakort, sem er auðkennis- og afsláttarkort háskólanema

**11.2.5. Bókasafn lagadeildar og aðgangur að rafrænum gagnasöfnum**  
Bókasafnið í Lögbergi er stærsta lagabókasafn landsins en áætlaður fjöldi bóka, tímarita og annarra safngagna er um 10.000. Árlega eru keypt um 400 ný fræðirit og bókasafnið er áskrifandi að 50 erlendum lögfræðitímaritum. Bókasafnið í Lögbergi er eina starfandi útibúið frá Landsbókasafni - Háskólabókasafni sem lánar út bækur. Lagadeild kaupir sérstaklega aðgang að 12 rafrænum gagnagrunnum sem snerta lögfræði. Landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum veitir aðgang að texta þúsunda erlendra vísindatímarita, gagnasafna, greiningarskýrslna og rafþóka, þar af eru 371 titlar í lögfræði.

## 12. Kennsluhættir, námskröfur og námsmat

### 12.1. Hefur skólinn sett viðmið um kennsluhætti, námskröfur og námsmat?

Samkvæmt 54. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands skulu fræðasvið setja sér almennar reglur um kennslu, kennsluhætti og námsmat þar sem fram koma skýr markmið um gæði kennslu og náms og hvaða mælikvarða er miðað við. Deildir geta með samþykki forseta fræðasviðs heimilað nám með hægari námsframvindu en áskilið er í köflum viðkomandi deilda í reglum þessum. Þá geta deildir sett sérstakar reglur um skyldu stúdenta til þátttöku í einstökum námskeiðum, æfingum, verklegu námi og vettvangþjálfun, svo og reglur um leiðbeiningu og umsjón með námi stúdenta að öðru leyti. Á Félagsvísindasviði hefur nýlega verið sett á fót Kennslunefnd, sem er skipuð fulltrúum allra deilda á svíðinu og einum fulltrúa nemenda, og ber hún ábyrgð á því að fyrir liggi upplýsingar um nám, kennslu og aðstæður í deild í samræmi við gæðaviðmið. Í nefndinni er nú unnið að því setja reglur um þessi efni og marka skýra kennslustefnu fyrir svíðið.

Kennslunefnd býður öllum nýjum kennurum og stundakennurum á deildum svíðsins til fundar í upphafi árs þar sem farið er yfir helstu atriði varðandi kennsluna. Þar er m.a. kynntur sérstaklega vefur Kennslumiðstöðvar Háskólans og þau námskeið sem þar eru haldin, en hlutverk Kennslumiðstöðvar er að stuðla að þróun kennsluháttar við skólann og þjónustar hún allar deildir skólans. Nánar tiltekið veitir hún deildum og einstökum kennurum faglega ráðgjöf í því skyni að bæta kennslu þeirra, auk þess sem hún fylgist með og miðlar nýjungum í kennslu. Í upphafi hverrar annar er kennurum boðið að sækja námskeið hjá Kennslumiðstöð, þar sem farið er yfir kennslutækni og kennsluhætti en allir kennrarar geta auk þess sótt slík námskeið að eigin ósk. Lagadeild hefur notið aðstoðar hjá Kennslumiðstöð til að halda sérstök námskeið fyrir kennara deildarinnar. Auk þess hafa einstakir kennrarar og aðrir starfsmenn deildarinnar notið þjónustu miðstöðvarinnar vegna námsgagnagerðar, skipulagningar kennslu og verkefnavinnu nemenda. Deildarstjóri skrifstofu lagadeildar hefur umsjón með móttöku stundakennara og sér til þess að þeir fái nauðsynleg gögn, skráningu inn í tölvukerfið og aðstoð við formlega þætti kennslu.

Auk vinnu sem fer fram á Félagsvísindasviði varðandi þróun námsmats og kennsluháttar hefur lagadeild sett ítarlegar reglur um skipulag námsleiða, bæði í BA-námi og mag.jur. námi og afmarkaða þætti þeirra. Í reglum um BA-nám er fjallað um námsmat. Regluleg próf eru haldin í beinu framhaldi af kennslu í hlutaðeigandi námsgrein. Sjúkra- og upptökupróf fyrir námskeið beggja missera fara fram að vori. Í námskeiðum í BA-náminu er nemanda venjulega skylt að leysa af hendi æfingaskyldu sem þarf að uppfylla til að geta tekið próf í námskeiðinu. Það geta verið skriflegar prófæfingar, seminarerindi og raurhæf verkefni í einstökum greinum. Settar hafa verið sérstakar reglur um æfingaskyldu stúdenta í BA-námi,

sjá viðauka 21. Þá hefur námsmat í BA náminu í auknum mæli verið skipt á milli fjarprófa um miðja önn sem gilda 20-50% af einkunn og skriflegra prófa í lok annar. Hafa sérstakar reglur verið settar um fjarpróf, sbr. viðauka 22. Um skrifleg próf gilda reglur frá 25. október 2005. Þar er lýst þeim gögnum sem nemendur mega hafa með sér í próf, en auk þess er kennurum veittur sveigjanleiki til þess að víkja frá því í einstökum tilvikum, vilji þeir t.d. skipuleggja próf þar sem öll gögn eru nemendum aðgengileg (open book). Vilji nemandi kvarta undan niðurstöðum skriflegra prófa á hann rétt á því að fá skipaðan prófdómara til að fara yfir prófið.

Í meistaránáminu sem er að öllu leyti byggt upp af kjörgreinum fer námsmat fram í formi verkefnavinnu, einkum styttri ritgerða (20-50%) og munnlegum prófum í lok námskeiðs. Settar hafa verið reglur um kjörgreinar við deildina sjá viðauka 23. Samkvæmt þeim er vægi kjörgreina almennt 6 ECTS og eru þar settar samræmdar reglur um fjölda kennslustunda sem eru 36 talsins, og magn námsefnis. Í reglum um munnleg próf, sjá viðauka 24, er lýst tilhögun slíkra prófa, en þar er prófdómari ávallt viðstaddur. Í reglunum eru m.a. viðmiðunaratriði sem leggja ber til grundvallar við einkunnagjöf. Það sama er að segja um mat á einkunnum fyrir meistaraprófritgerðir og munnlega vörn í þeim, en í reglum um meistaraprófsritgerðir frá 30. september 2008 er lýst framkvæmd munnlegrar varnar og þar eru einnig sett viðmið um hvernig skuli meta frammistöðu nemenda til einkunnar. Er vísað um það til viðauka 11.

Þess má loks geta að mælt er fyrir um ítarlegt ferli kvartana og kærumála vegna kennslu, prófa, námsmats, einkunnargjafar o.fl. í 50. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að nemandi beri fyrst upp skriflega kvörtun við deild. Ákvörðun deildar í málinu má skjóta til stjórnar fræðasviðs til úrskurðar. Nemandi getur kært niðurstöðu fræðasviðs til áfrýjunarfndar í kærumálum háskólanema, sem starfar samkvæmt 20. gr. laga um háskóla.

## 12.2. Hvernig fer mat á þessum þáttum fram?

Mat á framgreindum þáttum fer einkum fram í gegnum kennslukannanir. Skipulegar kannanir á viðhorfi nemenda í lagadeild til kennslu hafa verið gerðar um langt árabil, eins og í öðrum deildum Háskólans og fara þær fram á upplýsingakerfi Háskólans UGLU sem áður var lýst. Taka þær til allra námskeiða sem haldin eru. Kennslukannanir fara þannig fram að lagðar eru tilteknar spurningar fyrir nemendur um hlutaðeigandi námskeið og kennara, sem þeir svara með því að gefa einkunnir í heilum tölu, frá 1 upp í 4. Að auki eru lagðar fyrir þá tvær opnar spurningar, þar sem þeim gefst kostur á að koma að athugasemdum sínum. Nafnleynd er viðhofð, þannig að nemendur geta óhindrað látið í ljós viðhorf sitt til námskeiðs og kennara. Frá hausti 2002 hafa kennslukannanir verið vefrænar í upplýsingkerfi Háskólans og eru þær í stöðugri þróun.

Samandregnar niðurstöður kennslukannana eru sendar umsjónarkennara hlutaðeigandi námskeiðs og einstökum kennurum. Að auki hefur deildarforseti aðgang að öllum niðurstöðum. Niðurstöður kennslukannana nýtast, ásamt öðrum upplýsingum, við að bæta gæði náms og kennslu, einkum koma svör nemenda við hinum opnu spurningum að gagni við það. Ef útkoma einstakra námskeiða eða kennara er óvenju slök er það mál skoðað sérstaklega af deildarforseta og hlutaðeigandi umsjónarkennara

Ef bornar eru saman niðurstöður kennslukönnunar úr deildum Háskólans á haustmisseri 2009 kemur í ljós að meðaltal einkunna er áþekkt í þeim öllum, en lagadeild hefur yfirleitt verið yfir meðaltali. Í viðauka 25 sjást niðurstöður könnunarinnar, bornar saman við tvær aðrar deildir á sviðinu (hagfræði og viðskiptafræði) svo og meðaltal Félagsvísindasviðs og skólans. Helstu veikleikar varðandi kennslukönnunina er að þátttaka í þeim hefur ekki verið

nægilega góð og fer venjulega ekki yfir 40% nemenda, en algengt þáttökuhlutfall er á milli 20-30%. Reynt hefur verið bæta úr þessu með því að einfalda spurningarnar og gera könnun meðfærilegri, auk þess sem nemendur eru hvattir til að taka þátt bæði af yfirstjórn Háskólans og kennurum í einstaka námskeiðum. Ekki hefur verið stigið það skref að gera þáttöku í könnun að skilyrði fyrir próftöku þar sem óttast er slík skylda gefi ekki rétta mynd.

Deildin hefur ýmsar fleiri leiðir til að afla upplýsinga um gæði náms. Hefur það t.d. verið gert af hálfu deildarinnar með óformlegum viðræðum kennara við nemendur eða fulltrúa þeirra og fundum deildarforseta með fulltrúum nemenda. Sem dæmi um viðbrögð til að bregðast við umkvörtunum nemenda samþykkti deildarfundur í nóvember 2009 að færa námskeiðið *Evrópuréttur* á haustönn 1. árs laganáms yfir á vorönn, þar sem það var talið full flókið efni fyrir nýnema og auk þess hentaði betur samhengis vegna að kenna námskeiðið samhliða stjórnskipunarrétti og ágripi þjóðaréttar á vorönn. Á sama tíma var námskeiðið *Heimspekileg forspjallsvísindi* fært frá vorönn til haustannar, enda var það efnislega talið fara betur að kenna það samhliða námskeiðinu *Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu*.

Á síðustu árum hafa deildarforseti, deildarstjóri skrifstofu og forstöðumaður Lagastofnunar boðað alla meistarana sem eru að útskrifast til hádegisverðarfundar, þar sem þeir eru beðnir að lýsa reynslu sinni af náminu, bæði í BA-námi og meistaránámi, helstu kostum þess og göllum og hvað þeir telja að megi bæta. Hefur þátttaka verið góð og mjög gagnlegar ábendingar hafa þar komið fram sem deildin hefur nýtt við gæðaþróun.

**12.3. Hafa nýlega verið gerðar breytingar á náminu í kjölfar innra eða ytra mats?**  
Á undanförnum 6 árum hafa þrjár ítarlegar úttektir verið gerðar á skipulagi, námi, kennslu og rekstri lagadeildar. Hér á eftir verður stuttlega lýst þessum ytri úttektum, teknar saman helstu niðurstöður þeirra og viðbrögð við þeim.

**12.3.1. Ytri gæðaúttekt á námsleiðum í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands 2003-2004**  
Að ósk lagadeildar fór fram ytra gæðamat á deildinni á vegum menntamálaráðuneytisins árin 2003-2004. Var skipulag námsleiða við deildina á þessum tíma nokkuð frábrugðið því sem það er í dag en ytra gæðamatinni náði til þáverandi embættisprófs í lögfræði, þ.e. kjarnanáms og kjörnáms, auk grunnnáms til BA-prófs sem hófst haustið 2002. Er samantekt um niðurstöður ytri matshópsins frá júní 2004 meðfylgjandi í viðauka 26. Þær voru á heildina litið jákvæðar. Gerðar voru ýmsar tillögur um það sem mætti betur fara og var þeim beint í fyrsta lagi til menntamálaráðuneytis, í öðru lagi til yfirstjórnar Háskólans og í þriðja lagi til deildarinnar sjálfrar. Tillögur ytri matshópsins til lagadeilda lutu m.a. að því að deildin ætti að setja sér skýrari framtíðarsýn (mission statement) sem lýsti m.a. skyldum hennar gagnvart íslensku samfélagi og framlagi til þróunar, alþjóðlegs laga-, stjórnmála- og efnahagsumhverfis. Þá ætti hún að markaðssetja af krafti styrkleika og áherslur deildarinnar, einkum á kjarnagreinar fræðilegrar lagamenntunar. Efla skyldi þverfaglegar áherslur í rannsóknum og kennslu og hvetja til þróunar eins til tveggja rannsóknarsviða þar sem deildin gæti helst skapað sér sterka alþjóðlega stöðu. Eins skyldi stuðla að þáttöku nemenda í rannsóknum við deildina.

Tillögur ytri matshópsins voru skoðaðar gaumgæfilega af lagadeild og brugðist við þeim með ýmsum hætti, m.a. í með setningu nýrrar og metnaðarfullrar stefnu fyrir tímabilið 2006-2011, en innihaldi hennar hefur áður verið lýst, sbr. viðauka 3. Þar setti deildin sér skýra framtíðarsýn með tilliti til hlutverks síns og skyldna gagnvart íslensku samfélagi. Deildin hefur markaðssett námið sérstaklega sem akademískt nám með áherslu á kjarnagreinar fræðilegrar lagamenntunar. Þverfaglegar áherslur eru í rannsóknum og kennslu sem m.a.

sést af stofnun þverfræðilegrar rannsóknarstofnunar um fjölskyldumál og áhersla aukin á sérþekkingu deildar á umhverfisrétti og auðlindamálum, með sérstakri alþjóðlegri LL.M gráðu þar sem deildin getur helst skapað sér sterka alþjóðlega stöðu. Loks er ótvíraett að þátttaka nemenda í rannsóknum við deildina hefur aukist verulega.

### 12.3.2. Úttekt Ríkisendurskoðunar á kostnaði, skilvirkni og gæðum háskólakennslu

Ríkisendurskoðun gerði úttekt á nokkrum atriðum varðandi kennslu og nám í viðskiptafræði, lögfræði og tölvunarfræði á tímabilinu 2003-2005. Tilefni úttektarinnar var einkum að beinn kostnaður ríkisins vegna háskóla jókst um 39% að raungildi á tímabilinu 2000-2005 og framlög ríkisins til einkarekinna háskóla nær tvöfölduðust. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar eru m.a. gerðar þær athugasemdir að munur á rekstrarumhverfi einkarekinna háskóla og ríkisháskóla sé að vissu leyti meiri hér lendis en í nágrannalöndunum. Á Íslandi megi einungis einkareknir háskólar innheimta skólagjöld í almennu námi, auk þess sem þeir fá ríkisframlög til jafns við ríkisháskólana. Hvergi í nágrannalöndunum sé hliðstætt fyrirkomulag. Í úttektinni var einkum leitast við að bera saman nokkur atriði varðandi kennslu í viðskiptafræði, lögfræði og tölvunarfræði á tímabilinu 2003-2005 hjá fjórum háskólum. Þar af voru tveir einkareknir, Háskólinn í Reykjavík (HR) og Háskólinn á Bifröst (HB), en tveir í ríkiseigu, Háskóli Íslands (HÍ) og Háskólinn á Akureyri (HA). Í fyrsta lagi var leitast við að bera saman *kostnað* vegna kennslu. Í öðru lagi *akademískar stöðu* deilda/skora, þ.e. menntun fastra kennara og rannsóknarvirkni. Í þriðja lagi *skilvirkni* kennslunnar, þ.e. hversu vel fjármagn og vinnufl væru nýtt.

Hvað lagadeildirnar varðaði var það niðurstaða úttektarinnar að lagadeild HÍ kom best út í öllum samanburðaratriðum, þ.e. kostnaður hennar reyndist lægstur, akademísk staða sterkust og skilvirkni mest. Útkoma HR og HB var hins vegar svipuð þegar á heildina var litið. Kennsla í lögfræði við HA hófst ekki fyrr en haustið 2003 og reyndist því ekki unnt að hafa þann skóla með í þessum samanburði. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er sá fyrirvari þó gerður við þessa niðurstöðu að lagadeildir við HR og HB höfðu aðeins nýlega tekið til starfa.

Ábendingar í skýrslu Ríkisendurskoðunar lutu einkum að yfirstjórn háskólanna og yfirvöldum menntamála frekar en einstaka deildum. Var m.a. lagt til að stjórnendur ríkisháskólanna létu gera ítarlega úttekt á ástæðum mikils brottfalls sem var almennt mun meira hjá ríkisháskólunum en einkareknu háskólunum í öllum deildum sem úttektin náði til.

Háskólinn brást við skýrslu Ríkisendurskoðunar með ýmsum hætti, varðandi rekstur og stjórnun, sem ekki eru tök á að lýsa nánar hér. Þó má benda á að gerð var ítarleg rannsókn á ástæðum brottfalls nemenda við skólann árið 2008 og settar fram tillögur til úrbóta. Var m.a. lagt til að deildir settu skýrari reglur um hámarksnámstíma í námsleiðum og fylgdust betur með námsframvindu nemenda sinna. Lagadeild hefur brugðist við þessu. Hefur stúdent nú 5 ár til þess að ljúka BA-prófi í lögfræði og 4 ár til að ljúka meistaránámi. Árið 2008 tók deildin upp virkt eftirlit með námsframvindu og á hverju haust er öllum nemendum sem eru að renna út á tíma sent bréf þar sem þeim er bent á að skipuleggja nám sitt með hliðsjón af því með aðstoð skrifstofu lagadeilda ef óskað er.

### 12.3.3. Úttekt vegna viðurkenningar fræðasviðs félagsvísinda og heimildar til að bjóða doktorsnám á fræðasviðinu 2008 og 2009

Umsókn Háskóla Íslands um viðurkenningu grunn- og meistaránáms deilda félagsvísindasviðs, sbr. 3. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 og reglur um viðurkenningu háskóla nr. 1067/2006, var skilað í september 2007. Nefnd erlendra sérfræðinga skilaði matsskýrslu í febrúar 2008 og fengu allar deildir fræðasviðsins formlega viðurkenningu

námsins. Matsskýrslan fjallaði um Háskólanum almennt og einstakar deildir félagsvísindasviðs og fyrirkomulag þeirra í víðu samhengi varðandi nám og kennslu. Niðurstöður nefndarinnar voru að Háskólinn og deildir Félagsvísindasviðs fullnægðu settum kröfum í öllum þeim þáttum sem voru kannaðir. Tekið var fram um allar deildirnar varðandi skipulag kennslu og rannsókna, að innleitt hefði verið námsskipulag í samræmi við Bolognaferlið og skipulag námsleiða væri í samræmi við stefnu og markmið deildanna. Fyrir hendi væru forsendur fyrir virkum rannsóknum. Ótvíraðar og skyrar vísbendingar væru um að kennsla og rannsóknir fullnægðu alþjóðlegum kröfum. Alþjóðleg menntun margra kennara og vísindamanna, náið samstarf við viðurkenndar æðri mennta- og rannsóknastofnanir og árangur stúdenta og brautskráðra kandídata á erlendum vettvangi staðfestu þessa ályktun. Ábendingar sem beint var sérstaklega að lagadeild voru m.a. að einstakir valkostir næðu ekki „krítiskum massa“ (*critical mass*) við það að bjóða upp á 10 áherslusvið í meistararanámi og að sviðin skorti rannsóknatengingu. Deildin ætti að hugleiða þann möguleika að skilgreina gæðakröfur fyrir inntöku nemenda og hvort fullnægt væri kröfu Bologna-ferlisins um að BA nám skuli leiða til merkingarbærrar fyrstu námsgráðu sem gagnist á vinnumarkaði.

Lagadeild Háskóla Íslands hefur brugðist við ýmsum ábendingum sem nefndin setti fram. Deildin hefur kappkostað að innleiða hæfniviðmið (learning outcomes) á öllum sviðum, þ.e. bæði fyrir allar námsleiðir og einstaka námskeið og taka þau sérstaklega til þekkingar, hæfni og getu nemanda við lok námsleiðar og námskeiða. Til upplýsingar eru hæfniviðmið námsleiða deildarinnar birt í viðauka 27.

Hvað varðar virkni Bologna-ferlisins telur deildin þó, að til þess að það eigi að virka fyllilega verða menntamálayfirvöld í landinu að setja reglur um lágmarks inntak laganáms. Enginn slíkur undirbúningur var undanfari að stofnun þriggja nýrra lagadeilda á Íslandi, en skipulag námsleiða annarra lagadeilda t.d. í BA-náminu er mjög breytilegt. Væru til staðar einhverjar viðmiðunarreglur í þessum efrum væri kominn grundvöllur fyrir auknum hreyfanleika nemenda á milli innlendra háskólastofnana, eins og er markmið Bologna ferlisins, opnað yrði betur fyrir aðgang að framhaldsnámi og mögulegt að bjóða upp á undirbúningsnámskeið fyrir þá sem ekki uppfylla þessar væntingar.

Umsókn um formlega heimild til að bjóða doktorsnám í deildum Félagsvísindasviðs var skilað í nóvember 2008. Sérfræðinganeftnd kom í vettvangsheimsókn og skilaði matsskýrslu vorið 2009. Allar deildir Félagsvísindasviðs fengu formlega viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að bjóða doktorsnám.

## 13. Afdrif nemenda

### 13.1. Inngangur

Deildin hefur ekki haft tök á því að fylgjast kerfisbundið með afdrifum nemenda sinna og hvað þeir taka sér fyrir í störfum eða frekara námi eftir útskrift. Hefur slík könnun því verið með óformlegum hætti, einkum fyrir tilstilli Hollvinafélags lagadeildar. Félagið var stofnað árið 1997 en eitt af markmiðum þess er að auka og styrkja tengsl deildarinnar við fyrrum nemendur sína og að hvetja þá til að styrkja deildina í þróun kennslu og rannsókna. Félagið hefur m.a. haldið árlega móttöku fyrir afmælisárganga frá deildinni og gefur reglulega út fréttabréf sem sent er öllum í félaginu. Deildin leggur áherslu á að hvetja alla sem útskrifast frá deildinni að verða félagar, m.a. á fundi sem deildarforseti heldur árlega með þeim sem eru brautskráðir það árið.

Hér á eftir verður lýst tveimur könnunum sem gerðar voru á árinu 2009 varðandi afdrif nemenda sem hafa útskrifast frá lagadeild Háskóla Íslands í starfi eða frekara námi.

**13.2. Niðurstöður könnunar á afdrifum brautskráðra nemenda á vinnumarkaði eða í námi Lagadeild fól Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, sem er sjálfstæð rannsóknarstofnun á Félagsvísindasviði, að gera könnun meðal nemenda sem útskrifast hafa með meistara- eða kandídatspróf frá lagadeild Háskóla Íslands á árunum 2005 til 2009. Markmiðið var að kanna hvað þeir hafa tekið sér fyrir hendur í kjölfar útskriftar í störfum eða frekara námi og hvernig námið við deildina hefur nýst þeim. Á þessu tímabili útskrifuðust 264 lögfræðingar með meistara- eða kandídatspróf og náðist að senda könnun til 259 þeirra. Alls svöruðu 192 sem gerir 74,1% svarhlutfall, 89 karlar (46,4%) og 103 konur (53,6%). Svarendur voru á aldrinum 24-46 ára og var meðalaldur þeirra tæp 30 ár. Hér á eftir verða dregnar saman helstu niðurstöður könnunarinnar. Í viðauka 28 með skýrslunni er birt samantekt á nokkrum þeirra.**

Yfирgnæfandi meirihluti svarenda, eða 95%, taldi hafa gengið mjög eða frekar vel að fá starf að loknu námi. Sjö svarendur sögðust ekki hafa fengið starf að námi loknu, en af þeim stunda fjórir framhaldsnám erlendis og einn hóf fæðingarorlof strax í kjölfar útskriftar sinnar. Langflestir svarendur voru í launuðu starfi þegar könnunin var gerð, eða 96%, og nær allir þeirra í fullu starfi. Mikill meirihluti svarenda starfar við stjórnsýslustörf á vegum ríkis eða sveitarfélaga (40%) eða á lögmannsstofu (34%). Tæp 10% svarenda starfa í fjármálakerfinu.

Tíu svarendur sögðust hafa lokið framhaldsnámi erlendis (5%) og átta svarendur eru erlendis í framhaldsnámi um þessar mundir(4%). Mikill meirihluti þeirra telur að nám við lagadeild Háskóla Íslands hafi búið sig mjög eða frekar vel undir framhaldsnámið, eða 14 svarendur (78%). Fjórir svarendur töldu námið í Háskóla Íslands hvorki hafa búið sig vel né illa undir framhaldsnámið og enginn taldi það hafa nýst illa í framhaldsnámi. Jafnframt voru þeir svarendur sem ekki leggja stund á eða hafa lokið framhaldsnámi spurðir hvort þeir stefni á áframhaldandi nám. Meirihluti þeirra (61%) stefnir á framhaldsnám erlendis.

Tæpur helmingur svarenda (47%) hafði aflað sér réttinda til að starfa sem héraðsdómslögmaður, þar af fleiri karlar en konur. Af þeim 89 svarendum sem höfðu aflað sér hdl. réttinda taldi yfırgnæfandi meirihluti (97%) að námið við lagadeild hafi búið sig mjög vel eða vel undir prófið til héraðsdómslögmannsréttinda. Þrír töldu námið hvorki hafa undirbúið sig vel né illa og enginn taldi það hafa búið sig illa undir prófið.

Að sama skapi taldi yfırgnæfandi meirihluti svarenda (92%) þekkingu sína úr laganáminu í Háskóla Íslands nýtast mjög vel eða frekar vel í starfi sínu. Þrettán svarendur sögðust hvorki nýta þekkinguna vel né illa og tveir svarendur sögðust nýta hana frekar illa.

Þessar niðurstöður veita mikilvægar upplýsingar sem lúta að gæðum náms og kennslu í lagadeild. Í fyrsta lagi er ljóst að meistarapróf frá deildinni er nánast örugg trygging fyrir atvinnu, enda gekk yfırgnæfandi meirihluta svarenda mjög eða frekar vel að fá starf að lokinni útskrift. Hér ber að hafa í huga að atvinnuástand á Íslandi versnaði mjög eftir efnahagshrunið haustið 2008, en það virðist ekki hafa haft marktæk áhrif á atvinnumöguleika nýútskrifaðra lögfræðinga frá deildinni. Niðurstöðurnar leiða einnig í ljós að yfırgnæfandi meirihluti svarenda (92%) telja þekkingu sína úr laganáminu í Háskóla Íslands nýtast mjög vel eða frekar vel í starfi sínu. Í öðru lagi leiðir könnunin í ljós að næstum ¾ hluti svarenda starfar við stjórnsýslustörf á vegum ríkis eða sveitarfélaga (40%) eða á lögmannsstofu (34%). Þetta rennir stoðum undir að þeir sem útskrifast frá deildinni leggi fyrir sig ábyrgðarstörf innan stjórnkerfis eða í réttarkerfinu og undirstrikar mikilvægi þess að veita staðgóða grundvallarmenntun á sviðinu, einkum í stjórnsýslurétti og réttarfari. Það samræmist líka lýsingu um 92% svarenda á því að námið hafi nýst þeim mjög vel eða frekar vel í starfi. Í þriðja lagi er jákvætt hversu margir hafa farið í frekara nám eða stefna á slíkt nám við erlenda háskóla, en 10 einstaklingar (5%) höfðu þegar lokið prófi (oftast LL.M gráðu eða 78%), 8 einstaklingar (4%) stunda nú nám erlendis en meirihluti, 103 svarendur (62%) stefna á frekara nám. Telja verður líklegt að einhverjir hafi frestað áformum um framhaldsnám á árinu 2009 vegna bankahrunsins og óhagstæðs gengis íslensku krónunnar. Þeir svarendur

sem höfðu lokið prófi eða stunda nám erlendis höfðu fengið skólavist í virtum háskólum, þar á meðal við Oxfordháskóla og Stanford háskóla.<sup>2</sup> Mikill meirihluti svarenda, sem stundar framhaldsnám eða hefur lokið því, telur að nám við lagadeild HÍ hafi búið sig mjög vel eða frekar vel undir framhaldsnámið eða 14 svarendur (78%) Fjórir töldu námið við lagadeild hvorki hafa búið sig vel né illa undir framhaldsnámið en enginn illa

Í *fjórða lagi* leiðir könnunin í ljós að námið í lagadeild Háskóla Íslands hefur nýst mjög vel sem undirbúningur fyrir próf til að afla réttinda sem héraðsdómslögmaður Af þeim 89 svarendum sem höfðu aflað sér hdl. réttinda taldi yfirgnæfandi meirihluti (97%) að námið við deildina hefði búið sig mjög eða frekar vel undir prófið til héraðsdómslögmannsréttinda. Þrír töldu námið hvorki hafa undirbúið sig vel né illa og enginn taldi það hafa búið sig illa undir prófið. Þetta er í samræmi við þær upplýsingar sem deildin aflaði hjá Lögmannafélagi Íslands, en þar staðfestist að þeir sem hafa útskrifast frá lagadeild Háskóla Íslands skara fram úr í árangri á prófinu í samanburði við þá sem útskrifast frá öðrum lagadeildum. Verður þessum niðurstöðum nánar lýst í næsta kafla.

### 13.3. Könnun á frammistöðu brautskráðra nemenda í prófi til héraðsdómslögmannsréttinda

Eins og lýst var hér að framan kom í ljós við könnun á afdrifum brautskráðra nemenda frá lagadeild að tæpur helmingur svarenda hafði þegar aflað sér réttinda til þess að starfa sem héraðsdómslögmaður og gengist undir sérstakt próf til að afla þeirra. Árangur þeirra í prófraun til að öðlast héraðsdómslögmannsréttindi er mikilvægur mælikvarði á gæði námsins. Hér er um að ræða bæði bókleg og verkleg próf í lögfræði sem ná til þeirra greina bóknáms og verkmennunar sem helst varða rækslu lögmannsstarfa. Skilyrði þess að geta gengist undir hana er að hafa lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla. Verður sá sem sækir um leyfi til að verða héraðsdómslögmaður að hafa staðist prófraunina en dómsmálaráðherra gefur út leyfisbréf handa héraðsdómslögmanni, samkvæmt ákvæðum laga um lögmenn nr. 77/1998.

Prófraunin er skipulögð af sjálfstæðri prófnefnd um réttindi til að verða héraðsdómslögmaður samkvæmt lögum um lögmenn. Lögmannafélag Íslands hefur umsjón með framkvæmd prófanna. Prófnefndin, í samráði við félagið, skipuleggur og stendur fyrir reglulegum og talsvert umfangsmiklum námskeiðum til undirbúnings prófraun. Prófað er í fimm þáttum sem taka til nokkurra fræðilegra og raunhæfra grundvallaratriða í lögfræði sem reynir einkum á í starfi lögmanns. Þetta eru: 1) lögfræðileg skjalagerð 2) lögfræðileg álitsgerð 3) skiptastjórn og fullrustugerðir 4) sakamálaréttarfari og 5) einkamálaréttarfari.

Námskeiðin og prófraun til héraðsdómslögmannsréttinda þykja fremur ströng. Þau eru haldir af utanaðkomandi aðila og eru í raun þverskurður á mikilvæga þætti í laganámi. Þannig virka þau eins og samræmt próf fyrir alla þá sem útskrifast úr lagadeildum íslenskra háskóla. Í lok árs 2009 ákvað lagadeild að afla upplýsinga frá Lögmannafélaginu um árangur þeirra sem hafa útskrifast frá deildinni árin 2005-2009. Spurt var um, i *fyrsta lagi* hversu margir útskrifaðir nemendur frá lagadeild Háskóla Íslands hefðu gengist undir prófraun á

<sup>2</sup> Skólanir sem 18 svarendur höfðu lokið prófi frá eða stunduðu nám við voru eftirfarandi: Catholic University of Leuven í Belgíu, European University Institute í Flórens, Ítalíu, University of Edinburgh og Glasgow University í Skotlandi, Háskólinn í Leiden og Tilburg University í Hollandi, Háskólinn í Lund og Stokkhólmsréttarháskóli, Svíþjóð, Kaupmannahafnarháskóli í Danmörku, Kings College og UCL London, Englandi, Oxfordháskóli, Englandi og Stanford Law School, University of Miami og Fordham University í Bandaríkjunum.

þessu tímabili, í öðru lagi hversu margir þeirra stóðust öll prófin fimm í fyrstu atrennu, sundurliðað eftir árum og greinum og loks í þriðja lagi hver væri heildarfjöldi þeirra sem gengust undir prófraun og hversu margir stóðust öll prófin í fyrstu atrennu, sundurliðað eftir árum, greinum og lagadeildum sem þeir útskrifuðust frá. Niðurstöðurnar leiða í ljós að frammistaða þeirra sem útskrifast frá lagadeild Háskóla Íslands er mjög góð þar sem meðaltal þeirra 244 lögfræðinga brautskráðra þaðan, sem skráðir voru í prófin á þessu fimm ára tímabili sem náðu öllum prófum í fyrstu atrennu er 71%. Þó er hlutfall þeirra sem ná í öllum prófum fyrstu atrennu nokkuð lægra árið 2009 eða 65,8% en árið 2005 en þá náðu 85,2% öllum prófum, sem skýrist þó væntanlega að einhverju leyti af breytingum sem voru gerðar á prófunum árið 2006.

Annað sem kemur skýrt fram í upplýsingum frá Lögmannafélaginu er hið afdráttarlausa forskot sem lögfræðingar frá lagadeild HÍ hafa í árangri á prófinu umfram hinar lagadeildirnar í landinu Aðeins frá árinu 2007 er þó hægt að tala um marktækan samanburð að þessu leyti en þá voru lagadeildir tveggja annarra háskóla byrjaðar að útskrifa lögfræðinga með meistarapróf og árið 2008 voru aðrar lagadeildir sem útskrifuðu lögfræðinga með meistarapróf orðnar þjár. Af þessum tölum sést að á árinu 2009 náðu tæplega 66% útskrifaðra frá lagadeild Háskóla Íslands öllum prófum í fyrstu atrennu, á meðan aðeins tæplega 24% náðu öllum prófum úr viðmiðunarháskóla 1, 20% úr viðmiðunarháskóla 2 og enginn úr viðmiðunarháskóla 3. Á árinu 2008 voru tölurnar þannig að um 72% úr lagadeild Háskóla Íslands stóðust öll próf í fyrstu atrennu, 50% úr viðmiðunarháskóla 1 en tölur úr viðmiðunarháskóla 2 og 3 eru þá ekki marktækar því aðeins var einn frá hvorum skóla. Árið 2007 stóðust um 75% úr lagadeild HÍ öll próf en aðeins um 33% úr viðmiðunarháskóla 1. Þegar árangur í einstaka prófum er skoðaður nánar sést að sú grein þar sem árangur lagadeildar Háskóla Íslands er afgerandi bestur öll árin er lögfræðileg skjalagerð, svo og skiptastjórn og fullnustugerðir fyrir árin 2007 og 2009. Þessar tölur benda sterkelega til þess að bæði sá fræðilegi grunnur og sú verklega þjálfun sem veitt er í náminu við lagadeild Háskóla Íslands veiti bestan undirbúning fyrir þann sem kýs að velja lögmennsku sem sinn starfsvettvang. Ekki eru tök á að lýsa hér nánar þeim margvíslegu upplýsingum sem koma fram í svörum Lögmannafélagsins en vísað er yfirlits í viðauka 29.

## 14. Próun náms og framtíðarsýn

### 14.1. Hvaða sýn hefur skólinn á framtíð námsins og námsbrautarinnar?

Í stefnu lagadeildar frá 2006 kemur fram skýr framtíðarsýn fyrir deildina, bæði hvað varðar framtíð námsins og námsbrautarinnar. Þar segir m.a.:

„Deildin mun áfram hafa afgerandi forskot í rannsóknum og í lögfræðilegri umræðu. Við deildina starfar öflug rannsóknastofnun í lögfræði sem hefur forystu í rannsóknum, enda hefur hún verulegt styrktarfé til rannsókna þar sem gerðir hafa verið samningar við atvinnulífið um rannsóknarverkefni auk þess sem hún aflar sér tekna með þjónusturannsóknum. Við Lagastofnun starfa fjórir starfsmenn sem eingöngu sinna rannsóknum ásamt meistaraneum og doktorsnemum. Bókasafn lagadeildar hefur verið bætt verulega og útgáfa á rannsóknarverkefnum á vegum Lagastofnunar er öflug. Fram fara tvær doktorsvarnir á ári.

Árið 2011 er kennslan í enn meira mæli í formi gagnvirkra umræðna um raunhæf álitamál og hafa nemendur greiðan aðgang að ítarefni á öflugu bókasafni lagadeilda. Þá er aukin áhersla lögð á gagnapróf. Reglubundið innra gæðaeftirlit fer sem fyrr fram á vegum lagadeilda á námsefni námskeiða, kennsluháttum og útkomu á prófum. Reglubundið ytra eftirlit fer fram á vegum sjálfstæðra matsaðila (og/eða) fagfélaga lögfræðinga á sömu atriðum. Fastráðnir kennarar við lagadeild verða 1 á móti 17 nemendum árið 2011. [...]

Árið 2011 hefur verið komið á ennþá virkari samskiptum við erlendar lagadeildir, bæði í rannsóknum og kennslu. Lagadeildin er miðstöð ráðstefnuhalds í lögfræði og útgáfu á afrakstri lögfræðilegra rannsókna. Lagadeild heldur sem fyrr uppi góðum tengslum við útskrifaða lögfræðinga frá deildinni og styrkir jákvæð viðhorf í garð deildarinnar. Lagadeild Háskóla Íslands hefur áfram sterka ímynd sem leiðandi rannsókna- og kennslustofnun og rannsóknir við hana eru m.a. kostaðar af fyrirtækjum.“

Deildin telur að mikið hafi áunnist í að ná þessum markmiðum frá árinu 2006, að frátoldu því sem lýtur að fjölgun kennara. Verður áfram unnið markvisst að því að gera þessa framtíðarsýn að veruleika eftir nánari útfærslu sem lýst er í stefnu deildarinnar. Á árinu 2010 verða jafnframt lögð drög að því að endurskoða stefnuna og marka nýja stefnu sem tekur gildi árið 2011, í nánu samráði við stefnumörkun Félagsvísindasviðs og Háskóla Íslands í heild. Þar verður eftir sem áður eitt helsta markmiðið að gera miklar kröfur bæði til kennara og nemenda í námi og kennslu og halda áfram að útskrifa hæfustu lögfræðinga sem eru færir um að takast á við krefjandi lögfræðistörf í íslensku samfélagi og erlendis og starfa við lögfræðirannsóknir og vísindastörf bæði í innlendu og alþjóðlegu háskólaumhverfi. Í því sambandi verður sérstök áhersla lögð á áframhaldandi eflingu doktorsnáms. Framhaldið er þó óhjákvæmilega háð forsendum sem eru að nokkru leyti óvissar, svo sem hvernig fjárveitingum til Háskólans verður háttar. Vegna bágs efnahagsástands hefur deildin og skólinn allur þurft að þola umtalsverðan niðurskurð í fjárveitingum til kennslu og rannsókna á árinu 2010. Á sama tíma eru væntingar um fjármögnun rannsókna úr atvinnulífinu nánast að engu orðnar eftir hrun íslensku bankanna árið 2008 og efnahagskreppuna í framhaldinu og er ekki séð fyrir endann á því ástandi enn sem komið er.

#### 14.2. Telur skólinn að gera þurfi breytingar á náminu?

Lagadeild Háskóla Íslands telur að þrátt fyrir þróngan stakk sem henni hefur verið sniðinn í rekstri sé skilvirkni og skipulag náms og kennslu af háum gæðum og fyllilega sambærilegt við laganám í þeim erlendu háskólum sem deildin hefur borið sig saman við. Þetta hefur tekist m.a. vegna mikils vinnuálags fastra kennara við deildina, sem hefur í senn tekist að sinna umfangsmiklu rannsóknum og útgáfu og halda uppi miklu kröfum í kennslu. Auk þess er stór hluti kennslu borinn uppi af stundakennurum. Skipulag kennslu og náms við lagadeild Háskóla Íslands er í stöðugri skoðun, til umræðu á deildarfundum, kennarafundum og í nefndum deildarinnar og sviðsins, og tekur breytingum eftir því sem aðstæður hafa kallað á. Nokkrir þættir hafa einkum verið til umræðu varðandi frekari þörf á breytingum og verða nokkrir nefndir hér.

Deildin íhugar nú leiðir til þess að stýra inntöku í námið vegna mikillar fjölgunar nýnema, en á þremur árum hefur nýnemum þar fjlgað um meira en 70%. Í lögum um opinbera háskóla er sú stefna mörkuð að allir sem útskrifast úr framhaldsskóla eigi kost á að hefja þar nám án skólagjalfa og hefur lagadeild ekki heimild til að taka skólagjöld. Nokkrir ókostir tengjast þessum mikla fjölda nýnema. Í fyrsta lagi má nefna að erfiðara er að halda uppi gæðum í kennslu í svo stórum hópi nemenda. Auk þess er skipulag allt og umsjón með svo fjölmennum námskeiðum þyngra í vögum, t.d. varðandi skiptingu hópsins í umræðutíma. Það eykur enn álagið á þá fáu föstu kennara sem starfa við deildina. Þrír kostir hafa verið til skoðunar til þess að bregðast við þessu. *Í fyrsta lagi* að setja skilyrði um tiltekna lágmarksmeðaleinkunn á stúdentsprófi, t.d. fyrstu einkunn, eins og þekkt er í sumum samanburðarskólum erlendis, t.d. Kaupmannahafnarháskóla. Gallar við þetta er að ekki er til staðar neitt samræmt stúdentspróf í íslenskum framhaldsskólum auk þess sem slíkt skipulag yrði of ósveigjanlegt og útilokaði hugsanlega góða námsmenn frá því að hefja nám við

deildina. Í öðru lagi er mögulegt að útbúa sérstök inntökupróf gegn gjaldi sem haldin yrðu í júní með svipuðum hætti og læknadeild Háskólangs gerir, en árlega eru teknir inn 50 nemendur með bestan árangur á slíku inntökuprófi og helgast þessi fjöldi einkum af afkastagetu sjúkrahúsa í landinu til að þjálfa stúdenta. Í þriðja lagi og það sem helst hefur verið rætt er að setja forkröfu um að standast próf í námskeiðinu *Inngangur að lögfræði* í byrjun október til að taka próf í námskeiðinu *Almenn lögfræði* í desember. Deildin telur mikilvægt að grípa til aðgerða til að bregðast við aukinni ásókn í deildina, sem myndu í senn draga úr brottfalli úr námi og auka möguleika til að bæta gæði kennslunnar.

Annað, sem lagadeild íhugar nú að endurskoða er skipulag BA-námsins og hvort setja þurfi skýrari reglur um námsmagn hvers námskeiðs svo og samræma einingafjölda námskeiða í grunnnáminu. Eins telur deildin mikilvægt að leita leiða til að styðja betur við nemendur í BA-náminu. Átta ár eru nú liðin frá því að kandídatspróf var lagt niður og BA-námið tók við. Er tímabært að meta hvernig hefur tekist til í þeim efnum og hvaða vankantar hafa komið fram sem þá er hægt að bregðast við. Deildin hefur skipað sérstaka nefnd um BA-nám með fulltrúum kennara og nemenda sem er ætlað að hafa umsjón með þróun námsins og endurskoðun þess.

Þriðja atriðið sem nefnt verður hér, er mikilvægi þess að stuðla að minni nemendahópum í meistaránáminu þar sem kjörstærðin yrði 20-30 nemendur en á næstu árum mun nemendum í meistaránámi fyrirsjáanlega fjölga mjög. Með því væri unnt auka gagnvirkni kennslunnar og framlags hvers nemanda í kennslustundum. Þessu markmiði mætti ná t.d. með því að kenna öll meistaránámskeið árlega, en ekki annað hvert ár.

Fjórða atriðið sem deildin telur brýnt að bæta í skipulagi námsleiða er stuðningur við doktorsnema, svo sem möguleikar á að afla styrkja til að taka hluta námsins við erlenda háskóla eða til framfærslu meðan á námi stendur. Á meðan starfsaðstæður doktorsnema breytast ekki til batnaðar að þessu leyti verður örðugt að ná því markmiði deildarinnar að fjarlægja verulega nemendum í skipulögðu doktorsnámi. Þar sem fjárhagur deildarinnar hefur batnað nokkuð er þó útlit fyrir að hægt verði að gera slíkar ráðstafanir.

Að lokum telur deildin að niðurstöður úttekta sem gerðar voru á afdrifum útskrifaðra lögfræðinga í störfum, frekara námi og árangri á lögmannsprófi og lýst var að framan staðfesti að gæði kennslu og náms við deildina séu í mjög góðu samræmi við þau markmið sem stefnt er að. Þessar niðurstöður hafa verið kynntar og ræddar á vettvangi deildarinnar. Jafnframt er stefnt að því að slíkar kannanir á afdrifum útskrifaðra nemenda verði þróaðar áfram og framkvæmdar með reglubundnum hætti í framtíðinni. Slíkar kannanir eru ótvírátt mikilvægt tæki við frekari uppbyggingu og þróun kennslu og náms við deildina.